

Skáldskapur og fræði ná saman



Eins árs stjarna í The Northman



Heimsending um land allt
lyfjaver.is



Menning > 13

Lífið > 16

FRÉTTABLAÐIÐ

83. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 29. APRÍL 2022



Fair voru á ferli í Bláfjöllum á síðasta deginum sem skíðasvæðið er opið eftir veturinn. Enda flestir landsmenn farnir að horfa til sumarsins og jafn vel dusta rykið af gasgrillinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Starfsmaður grunaður um fjárdrátt

Lögreglan á Suðurnesjum rannsakar nú fjárdrátt starfsmanns Suðurnesjabæjar frá tveimur þroskaskertum bræðrum. Bræðurnir búa í úrræði á vegum bæjarins.

mhj@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Starfsmaður á velferðarsviði Suðurnesjabæjar er grunaður um að hafa dregið að sér að minnsta kosti eina og hálf milljón frá tveimur þroskaskertum bræðrum sem búa í sjálfstæðu búsetuúrræði á vegum bæjarins. Anna Valdís Jónsdóttir, frænka og talskona bræðrana, kærði málið til lögreglu eftir að hún komst að

því að fjárhagsstaða þeirra á lokuðum reikningi hefði minnkað til muna, en hana grunar að heildarupphæðin sé mun hærri, þar sem starfsmaðurinn hafði einnig aðgang að öðrum reikningum þeirra, meðal annars kortareikningum.

Bræðurnir, sem eru fjórtíu og níu og fimmtíu og eins árs gamlir, eru að sögn Önnu algjörlega upp á aðra komnir. Þeir misstu móður sína fyrir tíu árum síðan og svo fékk faðir þeirra heilablóðfall á þessu ári. Þeir voru fluttir í sjálfstætt búsetuúrræði að Lækjamótum í Sandgerði, en að sögn Önnu hafði fjölskyldan áhyggjur af úrræðinu, þar sem þeir þurfa aðstoð allan sólarhringinn.

Anna er miður sin vegna málsins



Það er svo hræðilega ljótt þegar fólk nýtir sér varnarlaust fólk svona.

Anna Valdís Jónsdóttir talskona bræðrana

en móðir þeirra bræðra var bæði frænka hennar og besta vinkona. „Ég lofaði henni að sjá um þá og aldrei láta skilja þá í sundur,“ segir Anna, sem hefur þekkt þá bræður frá blautu barnsbeini. „Það er svo

hræðilega ljótt þegar fólk nýtir sér varnarlaust fólk svona,“ bætir hún við.

Bjarney Annelsdóttir, yfirlögregluþjónn á Suðurnesjum, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að lögreglan sé að rannsaka málið og miðar rannsókninni ágætlega fram. Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar, segir að bærinn hafi brugðist við um leið og málið kom upp. „Það var lagt í ákveðna skoðun á þessu máli samtundis og þetta fór í ferli,“ segir Magnús, en starfsmanninum var sagt upp störfum í kjölfarið. ■

Nánar á frettabladid.is

Umræða um ESB sé þögguð niður

STJÓRN MÁL Viðhorfsbreyting hefur orðið gagnvart ESB í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu og þeirrar óvissu sem Evrópa stendur frammi fyrir.

Baldur Þórhallsson prófessor í stjórnmálafræði segir Evrópuumræðu nánast kerfisbundið þaggða niður í íslenski stjórnmálaumræðu.

„Okkar ábyrgð er að halda Evrópuumræðunni gangandi, því það skiptir máli fyrir börnin okkar og framtíðina að stoppa íhaldslíðið sem vill ekki hreyfa við neinu, hvað þá treysta þjóðinni,“ segir þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar. **SJÁ SÍÐU 4.**

Er bíllinn klár í ferðalagið?

→ Ferðabox, kajakfestingar, hjólafestingar og margt fleira

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. → www.hekla.is



Þriggja hjóla festing á krók
Burðargeta 60 kg, hallanleg
Verð 89.900 kr.



Skíðafesting á topp
4 skíði eða 2 snjóbretti
Verð 24.890 kr.



Menabo farangursbox
320 ltr, Mania, svart
Verð 44.990 kr.



Reiðhjólafesting á topp
Burðargeta 15 kg
Verð 18.900 kr.



Klukkustundin á svæði P2 kostar nú 200 krónur. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Bilastæðagjöld hækka í borginni


birnadrofn@frettabladid.is

REYKJAVÍK Bilastæðagjöld á öllum gjaldsvæðum í Reykjavík hækkuðu þann 7. apríl síðastliðinn. Hækkunin var mest á gjaldsvæði eitt, tæp fjögur prósent og fór þá úr 370 krónum fyrir klukkustundina í 385 krónur.

Verð fyrir klukkustundina á gjaldsvæðum tvö og þrjú er nú 200 krónur en var 190 krónur áður. Á gjaldvæði þrjú kosta nú fyrstu tvær klukkustundirnar sem bíl er þar lagt 200 krónur en næstu klukkustundir á eftir kosta 55 krónur hver.

Aukastöðugjald, sem einnig er þekkt sem stöðumælasekt, og lagt er á bifreiðar þar sem ekki hefur verið greitt fyrir afnot gjaldskylds bílastæðis eða ef greitt hefur verið fyrir of skamman tíma, hljóðar upp á 4.500 krónur. Veittur er staðgreiðsluafsláttur innan þriggja daga. Sé sektin ekki greidd innan 14 daga hækkar gjaldið í 6.750 krónur og í 9.000 krónur að 28 dögum liðnum. ■

Afbændavæðing



Breytingar standa yfir á Bændahöllinni vegna kaupa Háskóla Íslands á Hótel Sögu. Menntavísindasvið færirst í húsið og stúdentabúðir. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Covid-sýnatökurnar færast í Mjódd

lovisa@frettabladid.is

COVID-19 Sýnatökur vegna Covid-19 færast frá Suðurlandsbraut 34 í höfuðstöðvar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Mjóddinni frá og með í dag, föstudeginum 29. apríl.

Í tilkynningu frá heilsugæslunni kemur fram að sýnataka verður áfram opin virka daga milli 8 og 12 og um helgar milli 9 og 12. Sýnataka verður í anddyri höfuðstöðva Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Álfabakka 16, ekki í Heilsugæslustöðinni í Mjódd.

Eingöngu verður boðið upp á PCR-sýnatökur en hægt er að bóka hraðpróf vegna ferðalaga hjá einkaáðilum. Þeim sem eru með einkenni er bent á að bóka komu í sýnatöku á mínum síðum á vefnum Heilsuveru með rafrænum skilríkjum og er sú sýnataka almenningi að kostnaðarlausu.



Sýnataka verður opin virka daga milli 8 og 12 og um helgar 9 til 12.

Þau sem þurfa að fara í PCR-sýnatöku vegna ferðalaga geta bókað tíma á vefnum travel.covid.is og kostar sýnataka og vottorð fyrir ferðamenn 7.000 krónur. ■

Kalla eftir auknu eftirliti við ærslabelgi í Hafnarfirði

Foreldraráð Hafnarfjarðar lagði fram fyrirspurn í vikunni um aukid eftirliti við ærslabelgi bæjarins. Því hafi borist til eyrna ýmis vandræði sem myndast hafi við belgina og heyrt sambærilegar sögur úr öðrum hverfum. Von er á hertu eftirliti.

kristinnpall@frettabladid.is

HAFNARFJÖRÐUR „Það er helst eftirlitsleysið sem við erum að lýsa áhyggjum yfir. Það er frábært að Hafnarfjarðarbær sé að fjölga leiksvæðum en á sama tíma eru þessir staðir því miður stundum staðir þar sem hópamyndun getur leitt til stríðnis án eftirlits,“ segir Kristín Blöndal Ragnarsdóttir, meðlimur í Foreldraráði Hafnarfjarðar, aðspurð út í fyrirspurn foreldraráðsins sem var lögð fyrir fræðslunefnd Hafnarfjarðarbæjar í vikunni.

Í fyrirspurninni kom fram að á þessum tíma ársins færðist það í aukana að börn væru að leik úti og þar væru leiksvæði með ærslabelgjum vinsæl. Það hafi ekki liðið á löngu áður en skemmdarverk áttu sér stað og búið var að skera gat á belgina en það sem vakti meiri óhug meðal foreldraráðsins var eftirlitsleysið. Mörg börn óttist að fara á svæðið vegna stríðni og ofbeldis sem þar þrífst og að foreldrar sem fylgi börnum sínum á svæðin séu oft varnarlausir gagnvart dónaskap og ógnandi hegðun ungmenna.

Fræðsluráð Hafnarfjarðarbæjar samþykkti að vísa beiðninni til umhverfis- og framkvæmdasviðs.

„Maður hefur heyrt af dæmum þar sem verið er að keyra yfir belgina á rafskútum og skellinöðrum, á öðrum stöðum er verið að skera á belgina og eyðileggja þá. Þar sem það myndast oft hópar á þessum svæðum er meiri hætta á ofbeldi og



Ærslabelgir á Íslandi eru rúmlega hundrað og von á fleirum. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**



Þar sem það myndast oft hópar á þessum svæðum er meiri hætta á ofbeldi og stríðni og við höfum orðið vör við kvartanir á fjölmörgum hverfasíðum um að krakkar þori ekki lengur að fara út.



Kristín Blöndal Ragnarsdóttir

stríðni og við höfum orðið vör við kvartanir á fjölmörgum hverfasíðum um að krakkar þori ekki lengur að fara út. Foreldrar séu jafnvel að fá hortug svör þegar þeir mæti á svæðið,“ segir Kristín.

Kristín segir að það hafi sýnt sig að þar sem eftirlitskerfi sé til staðar sé ólíklegra að vandræði komi upp.

„Alls staðar sem börn hópast saman án eftirlits er hætta á þessu. Sem betur fer er eftirlitskerfi á nokkrum stöðum og við vildum ítreka að það yrði komið upp á þessum stöðum þar sem það vantaði. Þótt að ég hafi ekki tölfræði hjá mér eru líkur á því að með eftirliti komi ákveðinn fælingarmáttur þegar kemur að skemmdarverkum,“ segir Kristín og heldur áfram:

„Þetta er ekki hugsað til þess að það sé einstaklingur sem sitji yfir þessu allan liðlangan daginn, heldur til þess að draga úr líkum á skemmdarverkum og að hægt sé að skoða hvað það er ef eitthvað fer úrskeiðis.“ ■



AÐALFUNDUR FYLKIS

Miðvikudaginn 18. maí 2022 kl. 19:30 er boðað til aðalfundar Íþróttafélagsins Fylkis í samkomusal Fylkishallar.

Dagskrá:

- Hefðbundin aðalfundastörf samkvæmt lögum félagsins.
- Önnur mál.

Aðalstjórn Fylkis

Boozt.COM

THE NORDIC DEPARTMENT STORE

FLASH

**ALLT AÐ 25%
AFSLÁTTUR***

Virkjaðu afsláttarkóðann þinn

FASHION KIDS SPORT BEAUTY HOME

* Allt að 25% auka afsláttur af nánast öllu. Gildir á merktum vörum þegar þú virkjar afsláttarkóðann og verslar yfir 15 000 kr.

Segir könnunina vera vonbrigði

bth@frettabladid.is

REYKJAVÍK Hildur Björnsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni, segir nýja könnun Fréttablaðsins og Prósents vonbrigði.

Fylgið er komið niður fyrir 20 prósent. „Þessi niðurstaða veldur auðvitað ákveðnum vonbrigðum og er langt frá þeim markmiðum sem við setjum okkur,“ segir Hildur. Umræðan í landsmálunum hafi verið þung undanfarnar vikur.



Hildur Björnsdóttir

Einar Þorsteinsson, oddviti Framsóknarflokksins, má aftur vel við una. Framsókn mælist með þrjá fulltrúa en fækkar um þrjá í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins.

„Markmið Framsóknar er að hafa áhrif og knýja fram breytingar í borgarstjórn fyrir borgarbúa,“ segir Einar. ■

Þurfa að afhenda gögn um Brákarey

gar@frettabladid.is

ÚRSKURDIR Félagið Ikan ehf. á rétt á því að fá gögn sem varða lokun starfsemi og sölu húsnæðis við Brákarey sem er í eigu Borgarbyggðar.

Gögnin eru yfirlit úr málastrá yfir öll erindi varðandi Brákarey 25-27. frá 1. nóvember 2020 til 2. apríl 2021, kaupboð og tölvupósta vegna kaupa á Brákarey 25.

Í úrskurði upplýsinganefndarinnar segir að félagið telji sveitarfélagið hafa það eitt að markmiði „að valda ruglingi og óreiðu.“ ■

ÁRÉTTING

Í umfjöllun um fjármál sveitarfélaga á síðu 10 í blaðinu í gær var vísað til þess að ársreikningar sveitarfélaga fyrir 2021 væru nú til umfjöllunar í sveitarstjórn. Súlit sem birtust með umfjölluninni voru hins vegar byggð á tölum fyrir 2020, sem eru nýjustu gögn sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gert.

Tómas hafnar því að hafa keypt vændi

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Tómas A. Tómasson, þingmaður Flokks fólksins, deildi í gær samskiptum sem fóru milli hans og annars manns árið 2014 en þá hafði hann fengið fyrirspurnir frá fjölmiðlum um þau. Samskiptin hafa vakið hörð viðbrögð.

„ein dasamleg 26 ára ca 45 kg var að yfirgefa herbergid smokk-laust en byrjadi a nuddkonunni fyrr í dag kvoldid er ungt, 20.21,“ er meðal þess sem Tómas sagði í samskiptunum sem áttu sér stað þegar hann var í Bangkok, höfuðborg Taílands árið 2014. Einnig að hann ætli að „taka eina fyrir þig.“



Tómas var kjörinn á þing í haust

skiptunum sem áttu sér stað þegar hann var í Bangkok, höfuðborg Taílands árið 2014. Einnig að hann ætli að „taka eina fyrir þig.“

Tómas neitaði því að hann hefði keypt vændisþjónustu.

Þingflokkur Flokks fólksins fundaði í gær um málið. Fyrir fundinn sagði Guðmundur Ingi Kristinsson, þingflokksformaður, að þetta væri sorgarmál en ekki lægi fyrir hvort Tómasi yrði vikið úr flokknunum. Fordæmi eru fyrir slíku en árið 2018 voru Karl Gauti Hjaltason og Ólafur Ísleifsson reknir úr flokknunum fyrir ummæli sín á Klaustur bar. Eftir fundinn kom Inga Sæland, formaður flokksins, hins vegar í við-



Þingflokkur Flokks fólksins fundaði um málið í gær.

tal á Bylgjunni og sagði að flokkurinn stæði að baki Tómasi og málinu væri lokið frá þeirra bæjardryrum séð. Hún sagði Tómas ekki hafa keypt vændi en orðfærið í samskiptunum þætti sér ógeðfellt. ■

Þöggun ESB-umræðunnar til vansa

Sérkenni íslenskrar stjórn málaumræðu er að aldrei getur farið fram skoðun á kostum og göllum ESB-aðildar vegna þöggunar, að sögn prófessors. Innrás Rússa hefur haft áhrif á áhuga ríkja til inngöngu.

bth@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Viðsjá í öryggismálum Evrópu, sammannleg gildi, efnahagsmál og hneyksli tengd útboði Íslandsbanka, eru í hópi þess sem nú knýr á sem aldrei fyrr, að skoða aðildarviðræður milli Íslands og ESB, að sögn þingmanna þeirra tveggja flokka sem eru með ESB-aðild á stefnuskrá sinni. Sagan sýnir þó að meira þarf til en krísu til að ESB-aðild verði sett á dagskrá hér, að mati stjórn málafræðings.

Viðhorfsbreyting hefur orðið samkvæmt könnunum bæði héraendis og í nágrannalöndum Íslands gagnvart ESB í kjölfar innrásar Rússa og þeirrar óvissu sem Evrópa stendur frammi fyrir vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Gallup mældi aukinn áhuga á aðild innanlands skömmu eftir innrásina. Meðal Breta hafa kannanir mælt vaxandi efasemdir um að Brexit hafi verið rétt ákvörðun. Þá er umræða í norskum stjórn málaflökkum um hvort blása eigi lífi í ESB-aðild eftir nokkurt umræðuhlé.

„Okkar ábyrgð er að halda Evrópu-umræðunni gangandi, því það skiptir máli fyrir börnin okkar og framtíðina að stoppa íhaldslíðið sem vill ekki hreyfa við neinu, hvað þá treysta þjóðinni,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar.

Viðreisn og Samfylking styðja ESB-inngöngu. Aðrir flokkar hafa ekki fullmótaða stefnu eða eru gegn



Undir stjórn Jóhönnu Sigurðardóttur sótti Ísland um aðild að ESB árið 2009 en stjórn Sigmundar Davíðs stöðvaði ferlið. Nú hefur aftur færst líf í Evrópu-umræðu vegna innrásar Rússa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórn málafræði

aðild. Ísland sótti um aðild að ESB sumarið 2009. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra rifti viðræðunum með bréfi til Brussel 2013 þegar Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur voru við völd. Síðan er vart hægt að segja að málið hafi verið á dagskrá, en í síðasta mánuði lagði formaður Samfylkingarinnar fram þingsályktunartillögu ásamt

öllum þingmönnum Viðreisnar og Pírata, um að á þessu ári fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort halda skuli áfram aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið. Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, telur að innrásin auki líkur á áhuga Íslendinga að ganga í ESB.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að stórvíðburðir síðustu vikna sýni betur en nokkru sinni að Ísland tilheyri bandalagi evrópskra þjóða sem deili sömu gildum og standi vörð um frið, mannréttindi og öryggi. Ofan á þetta blasi við vegna bankasölnunnar að erlendir fjárfestar hafi hvorki áhuga né hagsmuni af því að fjárfesta í bankakerfi sem noti örmyntina íslenska krónu. Það

sé Íslandi dyrt á ýmsum sviðum að standa utan ESB.

Þorgerður Katrín, formaður Viðreisnar, segir að innrás Rússa í Úkraínu auki mikilvægi inngöngu í ESB. Vegna beinna hagsmuna Íslands, en ekki síður til að öfgar fái ekki þrífist, sem ögni stöðugleika og öryggi. „Þetta eru risahagsmunir. Þess vegna er vont að hafa ríkisstjórn sem treystir ekki þjóðinni til að taka næsta skref.“

Baldur Þórhallsson prófessor í stjórn málafræði hefur gert ótal rannsóknir um Ísland og ESB. Hann segir að skömmu eftir hrun hafi stóraukinn tímabundinn áhugi allra flokka landsins á ESB verið genginn til baka. „Hrunið á Íslandi hafði til lengri tíma engin áhrif á viðhorf íslenskra stjórn málaflökka til Evrópuaðildar sem er athyglisvert og segir til um hve mikið þarf til að Evrópustefna íslenskra stjórn málaflökka breytist.“

Baldur segir að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur sjái enga ástæðu til að ganga í ESB vegna öryggis- og varnarmála. Flokkarnir telji að tvíhliða varnarsamningur við Bandaríkin og aðild að NATO dugi til. Þær breytur sem hafi mest áhrif á Evrópustefnu ríkisstjórnarflokkanna séu hagsmunir tengdir sjávarútvegi og landbúnaði auk þess sem þjóðernishyggja hafi nokkurt vægi. „Það er andstaða við að flytja vald frá Reykjavík til Brussel. Ég sé ekki að ástand mála núna í Evrópu haggi því.“

En telur Baldur sjálfur að Ísland ætti að stefna að inngöngu í ESB?

Hann segir erfitt að svara slíkri spurningu þar sem Evrópuumræða sé nánast kerfisbundið þöggud niður í íslenskra stjórn mála-umræðu.

„Þessi þöggun heldur aftur af því að gaumgæfileg skoðun eigi sér stað,“ segir Baldur. ■

Skóða möguleikann á að flytja MK

kristinnpall@frettabladid.is

KÓPAVOGUR Bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkti í vikunni að vísa erindi Theodóru S. Þorsteinsdóttur, bæjarfulltrúa Viðreisnar, um að skoða kosti þess að flytja Menntaskólann í Kópavogi í Smáran, til frekari rýni bæjarstjóra. Theodóra lagði til viðræður við skólann sem fagnar fimmtíu ára afmæli á næsta ári og mennta- og menningamálaráðuneytið um málið. Fyrr á þessu ári óskaði skólinn eftir nýju ípróttahúsi en Theodóra segir að þarna sé hægt að slá tvær flugur í einu höggi.

„Við stöndum frammi fyrir nokkrum áskorunum. Við erum með afreksbraut í ípróttum sem þarf á ípróttahúsi að halda. Valkostagreining um legu Borgarlínunnar gefur til kynna að það henti betur að fara eftir Hafnarfjarðarvegi og Fífuhvamsvegi frekar en Digra-



Skólinn óskaði eftir ípróttahúsnæði á dögnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

nesveg. Þó að það heyrir gagnrýnisraddir um Borgarlínuna, þá eru margir sem vilja fá hana, sérstaklega stofnanir eins og skólar, ípróttafélög og verslunarmiðstöðvar. Með þessu værum við að slá tvær flugur í einu höggi,“ segir Theodóra í samtali við Fréttablaðið, aðspurð um hugmyndina.

Í tillögunni er fullyrt að þarna væri hægt að taka næstu skref í að þróa starfsemi skólans ásamt því að stórefla íprótt- og útivistarsvæði í Kópavogsdal með aðstöðu fyrir frjálsar ípróttir og aðlaga knattspyrnuvöllinn að alþjóðlegu leyfiskerfi Evrópska knattspyrnu-sambandsins. ■

Laugardaga kl. 10.00

Lífið er lag
Hagsmunir eldri borgara

HLAÐVARP

www.hotelbokanir.is/lifid-er-lag-hladvarp og á Spotify

Sigurður K. Kolbeinsson ræðir við ýmsa þekktu og óþekktu Íslendinga um lífið og tilveruna og sagðar eru skemmtilega sögur og frásagnir aftur í tímann sem mörgum kunna að þykja skemmilegar.

Þorsteinn Eggertsson er næsti gestur hlaðvarpsins.



KFC

HALTU PARTÍ MEÐ KFC

BITAR, LEGGIR, LUNDIR,
HOT WINGS, BBQ HOT WINGS,
BUFFALO HOT WINGS & ALLT HITT



HRINGDU OG PANTAÐU PARTÍMATINN Á KFC
570 6700

Telja að leikskólinn sé slysgildra

benediktarnar@frettabladid.is

REYKJAVÍK Foreldrar leikskóla-krakka í Selási í Árbæ standa nú í ströngu við borgaryfirvöld vegna leikskólans Rauðuborgar, sem þeir telja að sé slysgildra fyrir börnin sín.

„Leikskólinn var tekinn í notkun árið 1994 og endurnýjaður 2006 en ekki að fullu,“ segir Katrín Erna Gunnarsdóttir, foreldri barns í leikskólanum í samtali við Fréttablaðið.

„Svo hefur ekkert gerst þangað til síðasta sumar, þá var skipt um kastalann vegna þess að gamli kastalinn datt í sundur,“ segir Kristín, en hún telur að svæðið sé hættulegt fyrir börnin: „leiksvæðið er bókstaflega malbikað,“ segir hún.

Foreldrar hafa skorað á borgaryfirvöld að aðhafast í málinu en lítið hefur verið um svör frá borginni.

„Við ræddum við leikskólustjór-



Foreldrar hafa áhyggjur af leikvellinum. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

ann sem er búinn að vinna þarna í tuttugu ár. Hún er búin að reyna allan tímann að fá Reykjavíkurborg til þess að gera eitthvað í málinu,“ segir Kristín, en alltaf fást sömu svör frá borgaryfirvöldum, það sé einfaldlega ekki komið að leikskólanum í áætlunum þeirra. ■

Aðalfundur Búseta hsf.

Aðalfundur Búseta hsf. verður haldinn miðvikudaginn 18. maí nk. á Grand Hótel við Sigtún 38 í Reykjavík kl. 17:00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins

2. Önnur mál

Stjórn Búseta



Í maí fækkaði greiningum um 17 prósent á Íslandi en 31 prósent í Svíþjóð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Dýfa í krabbameinsleit minni en í Skandinavíu

Eftir að faraldurinn skall á fækkaði krabbameinsgreiningum. Fækkun greininga getur haft áhrif á horfur. Staðan hér var betri en í Skandinavíu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Krabbameinsleit tók minna högg á sig í faraldrinum hér á landi en í Skandinavíu. Þetta kemur fram í nýrri samanburðarannsókn. Staðan var áberandi verst í Svíþjóð.

Rannsóknin náði til ársins 2020 og sýnir dýfu krabbameinsgreininga um vorið alls staðar nema í Færeyjum, en faraldurinn barst seint þangað. Í maí mánuði það ár fækkaði greindum krabbameins-tilfellum á Íslandi um 17 prósent. Staðan var aðeins verri í Noregi og Danmörku en í Svíþjóð fækkaði greiningum um 31 prósent.

Laufey Tryggvadóttir, forstöðumaður Rannsóknar og skráningaseturs Krabbameinsfélagsins, segir lækunina eiga sér skýringu. „Til að byrja með var fólk hrætt, var

heima hjá sér og þorði jafnvel ekki að leita til læknis þó það væri með einkenni,“ segir hún. Fækkun greininga sást í mars, apríl og maí.

Það sem gerðist eftir það hér á landi var að greiningum fjölgaði aftur og náðu að bæta upp fækkunina um vorið. Það sama er ekki hægt að segja um Svíþjóð þar sem heildarfækkunin á árinu 2020 var 6,2 prósent. Í Finnlandi var einnig fækkun um 3,6 prósent.

„Greiningum fjölgar með hverju árinu. Bæði er okkur að fjölga og að eldast. Áhættan er ekki að aukast,“ segir Laufey, um hvernig staðan er í venjulegu áferð. Laufey segir óreiðu í heilbrigðiskerfinu í Svíþjóð skýra að ekki náðist eðlilegt nýgengi. Þar voru langtum minni takmarkanir vegna faraldursins og dánartíðni tíföld miðað við Ísland. „Aðgerðirnar hér voru strangari en í Svíþjóð og passað upp á að heilbrigðiskerfið færi ekki á hliðina. Við höldum vel á spöðunum,“ segir hún.

„Þegar greiningum fækkar höfum við áhyggjur af því að meinin greinist ekki fyrir en á hærri stigum. Þá



Laufey Tryggvadóttir forstöðumaður Rannsóknar og skráningaseturs Krabbameinsfélagsins

eru horfurnar líka heldur verri,“ segir Laufey, aðspurð um hvaða áhrif það hafi að greiningum fækki. Að greina krabbamein sem fyrst skiptir miklu máli. Laufey segir lækunina sem varð hér um vorið 2020 hafi sennilega seinkað greiningum hjá hópi fólks en þó hafi kerfið náð að grípa það fyrir lokárs.

Frekari rannsóknir á áhrifum faraldursins á krabbameinsleit á Norðurlöndum eru í bígerð. Ekki liggur fyrir hvort munur hafi verið á greiningum eftir tegundum krabbameina eða þá hvort þetta hafi haft meiri áhrif á ákveðna hópa samfélagsins, svo sem aldraða. Þá verður rannsakað að hversu miklu leyti faraldurinn lagðist á krabbameinsveika samanborið við aðra. ■

Kæra MAST fyrir blóðmerahald

ser@frettabladid.is

DÝRAVERND Samtökin Jarðarvinir hafa lagt inn kæru til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna blóðtöku úr fylfullum merum, en forsvarsmenn samtakanna telja framkvæmd hennar í atvinnu- og auðgunarskyni fara í bága við landslög.

Kæran beinist gegn Matvælastofnun, sem veitt hefur opinbert leyfi til blóðmerahalds, en jafnframt gegn Fagraði um velferð dýra sem lagt hefur blessun sína yfir blóðtökuna og Ísteka, fyrirtækisins sem annast hefur framkvæmd hennar.

Fréttablaðið greindi frá því á dögum að þær breytingar sem gerðar voru á dýraverndarlögum 2013 og á reglugerð um hestahald ári seinna vírdast ótvírætt benda til þess að Matvælastofnun hafi ekki lengur heimild til að endurnýja leyfi Ísteka til blóðtökunnar. Hvorki megi lengur framleiða lyf úr lifandi dýrum né gera aðgerðir á hestum nema í vísindalegum tilgangi. Síð-



Blóðmerahald hefur valdið mikilli hneykslan í samfélaginu. **MYND/SKJÁSKOT**

asta leyfi Ísteka til blóðtökunnar hafi runnið út 2020 „og enginn vafi leikur á að blóðtakan er óleyfileg frá þeim tíma,“ eins og Björn M. Sigurjónsson, lektor við Dania-háskólann á Jótlandi komst að orði í fréttinni.

Ole Anton Bielvedt, formaður Jarðarvina segir í kærinni að jafnframt sé líklegt að blóðtakan hér á landi brjóti í bága við ESB-löggjöf um dýravernd, en blóðtaka sé hvergi leyfð í Evrópu nema á Íslandi.

Í kærinni er refsingar krafist

vegna itrekaðra og viðvarandi brota á nýju dýraverndarlögum, en stutt sé í það að sú meinta ólöglega starfsemi sem kærnan varði fari aftur fram, verði hún ekki stöðvuð. „Bið ég þig því í allri vinsemi að hraða meðferð málsins eftir fremstu föngum, svo að ekki komi til framhalds þessarar meintu ólöglegu starfsemi og framhalds brota,“ segir Ole Anton í aðsendri kæru til Huldu Elsu Björgvinsdóttur, sviðsstjóra ákærusviðs. ■

Eurovision afmælistilboð!

Gott verð fyrir alla í
20 ár
2002 - 2022



Kaliber Silver II gasgrill
3 brennarar, (9 kW)
Grillflötur 54x41,5cm
38.796
Áður 48.495 kr.

Kaliber ferðagasgrill



2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm
23.996
Áður 29.995 kr.

Kaliber
PREMIUM GRILL

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla í **20 ár**
2002 - 2022

Sígild vara, sígild hönnun



Við færum ykkur blóm!

Í tilefni af HönnunarMars hefur sígild, íslensk hönnun á ný- og léttmjólkurfernum verið endurvakin tímabundið.



Úrelt veðurspá



Guðmundur Gunnarsson
ggunnars@frettabladid.is

É g man eftir fyrsta myndbandstæknu. Augun voru sjaldnast á skjánum fyrstu kvöldin. Maður starði bara á tækið. Í þessari breyttu heimsmynd. Gapandi yfir fyrirbærinu sem færði okkur framtíðina heim í stofu.

Seinna rann það upp fyrir mér að það var alls ekki myndbandstæknin sem færði okkur framtíðina. Hún færði okkur aðallega fortíðina. Á spólu.

Á mínu heimili var stundum horft á gamlar veðurspár. Ef það var það sem var á spólunni. Menn í jakkafötum bendandi með priki á óveðrið í síðustu viku. Frekar tilgangslaust, svona eftir á að hyggja.

Minningar frá þessum úreltu veðurlýsingum skutu upp kollinum nýverið þegar einn af ráðherrum þjóðarinnar tók upp prik og benti á storm sem var löngu genginn yfir landið.

Um var að ræða lýsingar af fundum ráðherranefndar um efnahagsmál. Í aðdragandanum að sölu á stórum hlut ríkisins í Íslandsbanka.

Þar skilst manni að allir á fundinum hafi haft efasemdir um áformin, þótt engum hafi dottið í hug að víðra þessar áhyggjur nema í hálfkæringi á lokuðum fundum. Sennilega talið betra að spila þetta bara af spólu seinna.

Það er vissulega lofsvert þegar fólk, sem við felum völd, stígur fram og segist hafa séð hlutina fyrir. Játur jafnvel mistök.

Viðskiptaráðherra hafði örugglega heilmiklar efasemdir um útboðsleiðina. Mögulega vissi hún líka að lokað útboð á tug milljarða hlut í ríkisbanka ætti eftir fara öfugt ofan í almenning.

Kjarni málsins er samt sá að hún hefði átt að deila þessum efasemdum með almenningi áður en það var um seinan. Það hefði verið svo miklu betra. Fyrir alla.

Vandamálið við úreltar viðvaranir er að þær þjóna engum tilgangi. Nema til að geta sagst hafa séð þetta allt fyrir. Sem er algjört aukaatriði í máli sem varðar jafn stóra hagsmuni og sala á eignum almennings.

Af þessu, eins og öðru, má draga lærdóm.

Það er alltaf best að hafa uppi varnaðarorð í rauntíma og línulegri dagskrá. Og helst áður en það er um seinan. Annars eru þau tilgangslaust. Það gildir jafnt um mikilvægar aðgerðir í stjórnárum og veðurspá morgundagsins.

Tala nú ekki um þegar risastórir almannahagsmunir eru í húfi og varnaðarorðin hrjóta af vörum fólks sem við eigum að geta treyst fyrir lykluðum. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is

Heimskulegt

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði heimskulegt að reikna út þingsæti núna. Átti hann við umfjöllun um könnun sem sýndi Sjálfstæðisflokkinn með innan við 18 prósentu fylgi og 12 þingmenn, fækkun um 5. Sagði Bjarni ástæðuna þá að stutt væri frá kosningum. Þetta er vitaskuld rétt hjá honum. Auðvitað á ekki að skýra kannanir nema þegar Bjarna hentar. Helst á ekki að gera kannanir þegar svona illa stendur á fyrir honum. Gott væri að fá leiðbeiningar frá ráðuneytinu um hvaða kannanir megi birta, hvenær og hvernig eigi að túlka þær. Upplýsingafulltrúi eða aðstodarmaður ráðherra gæti séð um þetta ómak fyrir kjósendur.

Sigurför

Talandi um Bjarna þá styttest sífellt í að hann verði næstþau-setnasti formaður Sjálfstæðisflokksins. Vantar hann aðeins tvö ár í Davíð Oddsson en þarf að sitja mikið lengur til að ná Ólafi Thors. Af sínum 4.779 dögum sem formaður hefur Bjarni hins vegar aðeins verið forsætisráðherra í 323. Það eru 6,8 prósent tímans, það langminnsta af öllum formönnum flokksins. Tæpum 10 prósentum minna en næsti maður. En sennilega er líka heimskulegt að minnast á þetta. ■

Við vitum hvað þarf til



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
oddviti Viðreisnar
í Reykjavík

Við í Viðreisn höfum skýra sýn á hvers konar Reykjavík við viljum sjá. Fjölbreytta, nútímalega og lifandi borg, þar sem er gott að búa, starfa og heim-sækja. Og við vitum hvað þarf til.

Á undanförunu kjörtímabili höfum við staðið fyrir metuppbyggingu íbúða og við ætlum að halda henni áfram. Við ætlum að skipuleggja lóðir fyrir 2.000 íbúðir á ári. Og viljum einfalda umgjörð byggingamála til að það geti gengið hratt fyrir sig að byggja. Við ætlum að halda áfram að þetta byggð, en líka reisa ný hverfi í Skerjafirði, á Artúnshöfða, Keldum og í Vatnsmýri.

Við ætlum að byggja Borgarlínu, og við styðjum Sundabraut fyrir alla samgöngumáta.

Skólar sem efla börnin

Við viljum að það verði frítt í alla grunnskóla, óháð rekstrarformi. Við segjum að það eigi að auka faglegt frelsi kennara og skóla. Við teljum að fimm ára börn eigi að fá frítt í leikskóla. Undanfarin fjögur ár höfum við staðið fyrir stórum skrefum í átt að því að brúa bilið. Meðalaldur barna við innritun hefur farið úr 24 mánuðum í 19 og nú liggur fyrir áætlun um hvernig bilið verður brúað. En við teljum að sjálfstætt starfandi leikskólar séu þar lykilaðilar.

Við ætlum að halda áfram að tryggja ábyrga fjármálastjórn og gera hagræðingarkröfu á öll svið. Við viljum líka einfalda stjórnkerfið og fækka ráðum, nefndum og sviðum, sem er verkefni sem við höfum á þessu kjörtímabili. Við ætlum að halda áfram að lækka fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði í 1,55%. Við erum flokkur sem trúir á einkaframtakið og viljum því auka einkarekstur í Reykjavík með útboðum og sölu eigna. Og nota söluhagnað til að greiða niður skuldir. Við munum líka vanda okkur við sölu á eignum og gera það vel og faglega. Slikt þarf að vera vel undirbúið og ferlið þarf að einkennast af gegnsæi og skýrum leikreglum.

Við setjum almannahagsmuni frammar sérhagsmunum, í þágu borgarþúa en ekki vildarvina. ■

Við viljum að það verði frítt í alla grunnskóla, óháð rekstrarformi.

Aðalfundur

Samtaka lungnasjúklinga



Aðalfundur Samtaka lungnasjúklinga verður haldinn
mánudaginn 16. maí klukkan 17:00
í Seljakirkju, Hagaseli 40, 109 Reykjavík

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf, samkvæmt lögum samtakanna.
2. Tillaga að breytingu á heiti samtakanna.
3. Lagabreytingar.
4. Önnur mál.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Stjórnin.

Úr hugarheimi sósíalista

Í dag



Karl Th. Birgisson

Hinir kúguðu ná ekki völdum nema með byltingu. Með þjóðnýtingu atvinnutækjanna og upptöku eigna. Hinir undirokuðu verða að taka völdin af auðvaldinu.

Það er erfitt að greina hvort þessi orð eru ættuð frá Vladímír Lenín eða Einari Olgeirssyni enda voru þeir sammála um margt, félagarnir.

Við þurfum heldur ekki að leysa þá gátu né heldur leita svo langt. Þessir frasar gætu allt eins verið spröttir upp úr lykilorði Gunnars Smára Egilssonar.

Hann hefur nefnilega hin seinni árin tileinkað sér rækilega orðfæri gömlu kommúnistanna, og notað hugarheim þeirra til að „greina“ bæði menn og málefni með hugtökum eins og bylting og kúgun.

Skoðum tvö dæmi. Hið fyrra er um þekkingarleysi eða vísitandi misskilning.

„Mestar framfarir hafa orðið í samfélögum sem einkenndust af átökum og háværum kröfum þeirra sem voru kúguð eða afskipt; í straumhvörfum, iðuköstum, óróa,“ skrifar Gunnar Smári.

Og síðar:

„Allt sem einhvers virði er í samfélaginu byggðist upp fyrir baráttu almennings fyrir skaplegra samfélagi. Sú baráttu kallast sósíalismi.“

Þessar sögulegu „stadreyndir“ telur Gunnar Smári til marks um að nú þurfi alvöru sósíalisma á Íslandi í ljósi þess margvíslega og stingandi ranglætis sem við blasir úti um allt.



Það virðist því vera djúpt á byltingunni og valdatöku hinna kúguðu.

Allt er þetta áferðarfallett enda í því sannleikskjarni. En bara kjarni.

Ef við lítum yfir sögu síðustu aldar er sennilega óumdeilt að mestu framfarir og róttækustu breytingar á högum launafólks urðu í Norður-Evrópu. Þær urðu mun minni í Frakklandi og á Ítalíu, þar sem „óróinn“ var þó sýnu meiri.

Þessum löndum var ekki stjórnað af sósíalistum, heldur jafnaðarmönnum. Stórbætt staða launafólks, efnalega og félagslega, var að sönnu til komin vegna stéttarfélaganna, en þau voru líka lengst af hluti af hreyfingu jafnaðarmanna á Norðurlöndunum. Það voru jafnaðarmenn sem hrintu þeim í framkvæmd með lögum og reglum í gegnum þjóðþingin.

Ekkert viðlíka gerðist á Íslandi. Þar voru jafnaðarmenn aldrei við völd til lengri tíma, en stjórn hinna vinnandi stétta, nýsköpunarstjórnin og að sínu leyti Viðreisn náðu mörgum góðum málum fram. En ekkert í líkingu við hin Norðurlöndin.

Þess utan er fullyrðing Gunnars

Smára um framfarirnar að öðru leyti röng. Mestu efnahagsframfarir eftirstriðsáranna urðu sennilega í Bandaríkjunum. En líka félagslegar í þágu launafólks.

Stéttarfélag urðu aldrei sterk í Bandaríkjunum, nema í einstaka greinum, bílaíðnaði, flutningum og já, í Hollywood.

Félagslegu umbæturnar fengust í gegnum New Deal Roosevelt (t.d. eftirlaunatryggingar fyrir eldra fólk og sjúkratryggingar fyrir sama hóp), í gegnum Great Society Johnsons, sem tryggði margvísleg réttindi launafólks og sjúkratryggingar fyrir fátækt fólk, þótt ófullkomnar væru.

Loks verður að nefna Obamacare, sem lögfesti sjúkratryggingar fyrir tugmilljónir Bandaríkjamanna, sem annars hefðu ekki efni á þeim. Það var sannarlega meiri bylting en flestir gera sér grein fyrir.

Í Bandaríkjunum hafa líka fyrir löngu verið sett lög um lágmarks-laun, nokkuð sem virðist vera bannað á Íslandi.

En hvað sem okkur finnst annað um þessa Bandaríkjaforseta, þá verða þeir seint kallaðir sósíalistar.

Í þessu samhengi er freistandi að nefna Kína. Þar hefur velsæld aukist svo að stórsér á fólkinu. Kínverska alræðisstjórnin er vitaskuld kúgunarstjórn, en þar er raunveruleg fátækt sáralítill og heilbrigðiskerfi á heimsmælikvarða. Seint verða þeir kallaðir sósíalistar.

En þá að allt öðru.

„Órfáir óligarkar stjórna í raun

umræðunni,“ skrifaði Gunnar Smári fyrir skömmu. Og síðar:

„Stærsti bergmálshellir á Íslandi er vettvangur almennrar umræðu þar sem stjórn málaelítan, þjóðar auðstéttarinnar og fólkið sem skottast með þessum hópum, ræðir um veröldina sem það telur sig lifa innan. Innan þessa hellis eru allar forsendur rangar og þar með öll greining arfavitlaus. Ástæðan er að inn í þennan helli er valið fólk sem allt er meira og minna eins í hugsun og hegðan ... Fólkið í hellinum reynir fyrst og fremst að skilgreina vanda svo að hann trufla ekki sannfæringu þess ... Það kemur að lítilli sök innan hellisins því það er fyrst og síðast fólk utan hellisins sem þjáist vegna óleystra vandamála. Og það fær ekki orðið til að lýsa reynslu sinni.“

Þessir óligarkar eru nafnlausir. Þorsteinn Már sá eini sem kemur í hugann, en sú hugmynd fellur strax um sjálfa sig.

Það mætti þó gjarnan segja þeim á Ríkisútvarpinu, Kjarnanum og Stundinni að óligarkar stýri verkum þeirra.

En punkturinn virðist vera sá að hinir undirokuðu og kúguðu fái ekki að tjá sig, aðeins hinir útvöldu þjóðar auðstéttarinnar.

Efnislega er þetta rangt, en hinir kúguðu tjá sig líka í kosningum. Síðast fékk Sósíalistaflokkurinn 4,1 prósent atkvæða.

Það virðist því vera djúpt á byltingunni og valdatöku hinna kúguðu. ■



Mestu efnahagsframfarir eftirstriðsáranna urðu sennilega í Bandaríkjunum. En líka félagslegar í þágu launafólks.

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



RANGE ROVER VELAR HSE R-dynamic

Nýskr. 5/2018, ekinn 61 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð: 11.890.000 kr.

Rnr. 420913.



JAGUAR I-PACE S EV320

Nýskr. 11/2021, ekinn 9 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 9.790.000 kr.

Rnr. 420933.



RANGE ROVER Evoque SE 150D

Nýskr. 8/2018, ekinn 48 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð: 6.690.000 kr.

Rnr. 420922.



LAND ROVER Discovery 5 HSE Lux 240D G4

Nýskr. 5/2020, ekinn 37 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð: 12.990.000 kr.

Rnr. 148507.



JAGUAR E-PACE 150D

Nýskr. 10/2020, ekinn 16 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð: 7.690.000 kr.

Rnr. 420907.



JAGUAR I-PACE EV400 HSE

Nýskr. 7/2020, ekinn 9 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 11.590.000 kr.

Rnr. 149045.



LAND ROVER Discovery Sport S 165D

Nýskr. 4/2021, ekinn 8 þús. km, bensín, sjálfskiptur.

Verð: 9.290.000 kr.

Rnr. 420934.



RANGE ROVER VOGUE P400e

Nýskr. 1/2019, ekinn 43 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 15.950.000 kr.

Rnr. 420578.


APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðiferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hestháli 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

Merkisatburðir

- 1106** Jón Ögmundsson er vígður Hólabiskup.
- 1483** Konungsríkið Kastíla innlimar Gran Canaria.
- 1521** Sænskir hermenn vinna sigur á Dönum við Västerås.
- 1834** Charles Darwin klífur Cerro La Campana í Chile.
- 1861** Fulltrúadeild þingsins í Maryland hafnar því að kljúfa ríkið frá Bandaríkjunum.
- 1899** Kristilegt félag ungra kvenna er stofnað á Íslandi.
- 1903** Sjötiu farast í aurskriðu í Frank, Kanada.
- 1946** Alþjóðlegur dómstóll ákærir Hideki Tojo, fyrrverandi forsætisráðherra Japans, og 28 aðra leiðtoga ríkisins fyrir stríðsglæpi.
- 1953** Fyrsta sjónvarpsútsendingin í þrívídd.
- 1967** Breskur togari í haldi vegna landhelgisbrots siglir úr höfn í Reykjavík en er náð aftur síðar um daginn.



- 1982** Nelson Mandela er fluttur í Pollsmoor-fangelsi í Höfðaborg eftir átján ára fangavist á Robben-eyju.
- 1988** Fyrsta reglulega flug Boeing 747-400-vélar fer fram.
- 2002** Þjóðhagsstofnun er lögð niður á Íslandi.
- 2006** Norðeyjagöngin eru opnuð í Færeyjum.
- 2011** Konunglegt brúðkaup er haldið í Lundúnum þegar Vilhjálmur Bretaprins gengur að eiga Catherine Elizabeth Middleton. Talið er að tveir milljarðar manna fylgist með brúðkaupinu í sjónvarpi.
- 2015** Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin tilkynnir að sjúkdómnum rauðum hundum hafi verið útrýmt í Ameríku.



Svana Helen segir mikilvægt að standa vörð um lögvernduð starfsheiti verkfræðinga og tæknifræðinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Verkfræðin er víðfeðm

Yfir hundrað ár eru liðin frá því að Verkfræðingafélag Íslands var stofnað. Formaður félagsins segir umfang þess hafa vaxið til muna frá stofnun.


arnartomas@frettabladid.is

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ), félag verkfræðinga og tæknifræðinga, fagnaði nýlega 110 ára afmæli sínu. Hátiðahöld frestuðust vegna faraldursins og stendur nú til að fagna tímamótunum í kringum Dag verkfræðinnar í október.

„Það stóð til að fagna allt árið með alls konar viðburðum og ráðstefnum en við höfum frestað öllu til haustsins þar sem við ætlum að halda stóran tveggja daga viðburð 20.-21. október,“ segir Svana Helen Björnsdóttir, formaður félagsins. „Við erum einnig að undirbúa kynningar-efni þar sem saga verkfræðinnar á Íslandi er rakin til samtímans auk verkfræðilegra áskorana framtíðarinnar.“



Bygging Ölfusárbrúar árið 1891 markaði tímamót í íslenski verkfræðisögu. Upprunalega brúin féll árið 1944 og ári síðar var nýja brúin sem stendur enn tekin í notkun.



Stofnendur félagsins voru 13 talsins. Í dag eru félagsmenn rúmlega fimm þúsund.



Við teljum að það sé ekki hægt að leysa framtíðar-áskoranir á borð við sjálfbærni, gervigreind og annað nema með fólki með sterka vísindalega þekkingu.

Umbrot um aldamótin

Verkfræðingafélag Íslands var stofnað þann 19. apríl 1912. Stofnendur félagsins voru þrettán talsins og var tilgangur félagsins að auka félagslyndi meðal verkfróðra manna á Íslandi og efla álit vísindalegrar menntunar í kringum verkfræðingum.

„Tilurð Verkfræðingafélagsins er auðvitað nátengd atvinnuþróuninni á Íslandi sem skóp sífellt margbrotnari og vandasamari verkefni,“ segir Svana Helen. „Þannig varð til vísinda- og verkfræðimenntun sem er í öndvegi í atvinnubyltingu nútímans.“

Verkfræðin á Íslandi teygir sig þó auðvitað lengra aftur og nefnir Svana Helen upphaf byggingar Ölfusárbrúnnar 1891 sem dæmi um mikilvæg tímamót. „Hún var fyrsta stóra mannvirkid á Íslandi og tákum nýja tíma,“ segir hún. „Sama ár

lauk Sigurður Thoroddsen, sem má kalla frumherja íslenskra verkfræðinga, prófi í verkfræði í Kaupmannahöfn. Hann sneri heim til Íslands tveimur árum síðar og varð fyrsti landsverkfræðingurinn.“

Áskoranir framtíðarinnar

Í dag eru félagsmenn VFÍ rúmlega fimm þúsund talsins. Tæknifræðingafélag Íslands var stofnað 1960 og voru félagsmenn um 1.300 þegar félagið sameinaðist VFÍ. Svana Helen segir að verkfræðin á Íslandi standi að mörgu leyti vel.

„Við erum stærsta félag tæknimenntaðra á Íslandi og það má segja að við stöndum vörð um gæði verkfræðimennt-

unar – að allir sem kalli sig verkfræðinga eða tæknifræðinga hafi hlotið til þess næga menntun,“ segir hún. „Við teljum að það sé ekki hægt að leysa framtíðar-áskoranir á borð við sjálfbærni, gervigreind og annað nema með fólki með sterka vísindalega þekkingu.“

Svana Helen segir að umfang greinanna sé víðfeðmara en suma grunar.

„Þetta eru ekki bara byggingar eins og fólk tengdi oft við verkfræðina hér áður fyrr. Þá tengdi fólk þetta við hluti eins og hafnar- og brúargerð en nú eru upplýsingatækni, heilbrigðisverkfræði og aðrar nýjar greinar sem krefjast mikillar tæknþekkingar þúar að ryðja sér til rúms.“



Elsku maðurinn minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Pálmar Gíslason

Móaföt 55, Garðabæ,

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, miðvikudaginn 27. apríl. Útför verður auglýst síðar.

Kristín Eiríksdóttir

Helga Sigurðardóttir

Björn Jónsson

Gunnar Kr. Sigurðsson

Anna R. Valdimarsdóttir

barnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Bragi Halldórsson

áður til heimilis að Sólheimum 23, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk þann 25. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

Sigmar Ólafsson

Pálína Pálsdóttir

Aðalsteinn Bragason

Asa Clausen

Sölvi Bragason

Sigurbjörg Þorleifsdóttir

Halldór Bragason

Soffía Magnúsdóttir

afabörn og langafabörn.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Vilhjálmur Þorláksson

verkfræðings, Espilundi 4.

Ásbjörg Forberg

Þuríður Vilhjálmisdóttir

Vígfús Asgeirsson

Sveinn Vilhjálmsson

Inga Forberg

Hilmar Vilhjálmsson

Sigríður Logadóttir

Kári Vilhjálmsson

Lilja Pétursdóttir

Ágústa Forberg

Theódór Kristinn Ómarsson

Erla Ólafsdóttir

Magnús Óli Ólafsson

Elsa Forberg

barnabörn og barnabarnabörn.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FÖSTUDAGUR 29. apríl 2022



Verslun með notuð fót hefur aukist mikið að undanfögnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Notuð fót fyrir fólk með fatastíl

elin@frettabladid.is

Árið 2019 jókst sala á notuðum fötum í Bandaríkjunum mun meira en hjá öðrum fatasölum, að því er segir á netmiðlinum The Conversation. Ný rannsókn sem gerð var við háskólann í Tasmaníu í Ástralíu sýnir að kaupendur notaðs fatnaðar eru meðvitaðri um fatastíl en þeir sem kaupa nýtt.

Rannsóknin sýnir enn frekar að þeir sem kaupa notuð fót gera það ekkert endilega vegna umhverfisþátta. Einstaklingar sem eru meðvitaðir um fatastíl sinn vilja ekta efni og frumlegar flikur og forðast að klæðast því sem allir aðrir vilja.

Visindamenn skilgreina tísku og fatastíl á annan hátt. Tíska snýst um að kaupa það nýjasta á markaðnum en stillinn lýsir frekar eigin sjálfsmynd. Fólk sem leitar eftir nýjustu tísku er vant hraðtísku, því að eiga mikið magn af fatnaði sem framleiddur er á lágu verði. Aftur á móti leiðir hún til afgangsbirgða og úrgangsvanda í heiminum.

Skadleg áhrif á umhverfið

Vitundarvakning hefur orðið um skadleg áhrif hraðtísku. Nokkur stórfyrirtæki í fataiðnaði eru ráðandi í hraðtísku og hafa framleitt miklu meira en þörf er fyrir á heimsvísu.

Um fimm hundruð konur voru spurðar í áströlsku rannsókninni og sumar sögðust kaupa notað vegna verðsins og umhverfisins. Oftar var svarið að þær væru að leita að ákveðnum stíl. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS**ALOE VERA**
MELTING & BÓLGURwww.celsus.is

Arnþór Haukdal Rúnarsson, eigandi CBD Reykjavík, segir mörgum létt að losna undan oft áralöngum verkjum með undurgóðri CBD-olíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Verkjalaus og sefur eins og engill

CBD vörur njóta mikilla vinsælda enda hafa þær reynst vel við alls kyns kvillum. Hjónin Arnþór Haukdal Rúnarsson og Karlotta Bridde kynntust því af eigin raun, stofnuðu í kjölfarið CBD Reykjavík og síðan hefur right yfir þau skilaboðum frá ánægðum viðskiptavinum. **2**



Arnþór hafði áður litla trú á óhefðbundnum lausnum við hvers kyns verkjum og kvillum og kallaði CBD-olíu snákaolíu þegar hann frétti af henni fyrst. Sú skoðun breyttist fljótt þegar hann upplifði skjótan og magnaðan árangur CBD-olíunnar á eigin skinni. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

„Ég lenti ungur í bílslysi og átti eftir það erfitt með svefn vegna verkja í baki. Ég hafði litla trú á óhefðbundnum lausnum og kallaði það snákaolíu þegar mér var bent á CBD við verkjunum. Þegar ég þurfti svo í aðgerð á öxl var mér gefið eitt glas af CBD-olíu, ákvað að slá til og prófa, og eftir aðeins tveggja vikna notkun var ég orðinn verkjalaus með öllu og farinn að sofa eins og engill.“

Þetta segir Arnþór Haukdal Rúnarsson, eigandi CBD Reykjavík. Hann hefur allar götur síðan notað CBD-olíu og segir lífsgæðin hafa aukist til muna.

„Konan mín, Karlotta Bridde, ákvað í kjölfarið að prófa CBD því hún hafði greinst með sjaldgæft risafrumuæxli í beini við úlnlið, sem olli henni miklum taugaverkjum. Það er áfall að fá slíka greiningu og vegna mikillar óvissu um bata þróaði hún með sér mikinn kvíða,“ greinir Arnþór frá.

Eftir að Karlotta hóf notkun á CBD-olíunni horfði Arnþór á konu sína ná miklum bata.

„Með notkun CBD braust Karlotta út úr vanlíðan á aðeins þremur mánuðum og þá var ekki aftur snúid. Við settum hreinlega aleiguna í að stofna fyrirtækið og því er CBD Reykjavík byggt frá grunni af okkur tveimur, ásamt ómetanlegri hjálp vina og af ein-skærri hugsjón,“ segir Arnþór.

CBD RVK í hæsta gæðaflokki

Arnþór segir góðan árangur af notkun CBD-olíu ekki fara á milli mála.

„Algengustu kvillarnir sem fólk nefnir við okkur eru bólgur og verkir, líka svefnvandamál og kvíði, en flóran er miklu meiri. Þá er stór hópur notenda CBD-varanna fólk sem er undir miklu líkamlegu og andlegu álagi í vinnu og námi, en finnur mikinn mun til hins betra með því að nýta sér vörurnar okkar,“ upplýsir Arnþór.

Á Íslandi gilda reglur sem kveða á um að CBD-vörur séu vottaðar og seldar sem snyrtivörur.

„Þeim reglum fylgjum við í einu og öllu, en umræða undanfarin ár gefur þó góða von um að reglunum verði breytt og almenn sala CBD sem fæðubótarefnis verði leyfð fyrr en síðar,“ segir Arnþór.

CBD Reykjavík er í fararbroddi á íslenskum CBD-markaði. Vörurnar eru í hæsta gæðaflokki og fer lífræn framleiðsla CBD-olíunnar fram í Evrópu.

„Þar fylgjum við ferlinu eftir allt

CBD snyrtivörur, olía og vöðvakrem

Vörulína CBD Reykjavík samanstendur af CBD-olíu, andlitskremi, líkamskremi og vöðva- og liðakremi.

Andlitskremið vinnur gegn finum línunum, eykur teygjanleika húðarinnar og hjálpar til við að vinna gegn bólum. Þá hefur kremið reynst afar vel við exemi, psoriasis og þurrki. Líkamskremið hefur marga af kostum andlitskremisins en er meira ætlað gegn meðal annars þurrki, exemi og sórsiasis. Vöðva- og liðakremið virkar vel fyrir endurheimt og er gott að bera á liði og vöðva bæði fyrir og eftir átök. Kremið er einnig verkjastillandi við gigtarverkjum og vöðvabólgu. CBD-olían er vinsælasta varan, fæst í þremur styrkleikum og með sitrónu og myntu. Þá býður CBD Reykjavík einnig upp á sportolíu fyrir íþróttafólk sem æfir mikið.

frá akri ofan í glas,“ segir Arnþór. „Þegar keypt er CBD-olía frá CBD Reykjavík fást bestu gæði sem völ er á, og maður ætti aldrei að setta sig við neitt minna. Þetta eru vörur sem má treysta, öruggar og góðar, og hver einasta framleiðslulota er rannsökuð af Eurofins í Bretlandi þar sem innihald er staðfest og vottað.“

Klökkur yfir reynslusögnum

Fyrirtækið stofnuðu þau Arnþór og Karlotta í fyrrasumar. Viðtökurnar við CBD Reykjavík létu ekki á sér standa og skilaboðum frá ánægðum viðskiptavinum hefur æ síðan rignt yfir Arnþór og Karlottu.

„Maður verður hreinlega klökkur yfir öllum reynslusögnum. CBD hjálpar ekki öllum, en svo ótrúlega mörgum. Því fylgir líka mikill léttir fyrir fólk að losna við vanlíðan sem hefur kannski varað í mörg ár,“ segir Arnþór. ■

Vörur CBD Reykjavík fást í vefverslun þeirra cbdrvk.is, í apótekum Lyfsalans, Apóteki Garðabæjar, Vistveru í Grímsbæ, Reebok Fitness, Akureyrarapóteki, Sjöböðunum á Húsavík og í Eftirlæti á Sauðárkróki. Þá eru vörurnar væntanlegar á fleiri sölustaði innan tíðar. Sendum um land allt.



CBD RVK andlitskrem og líkamskrem er æðisleg tvenna fyrir þá sem vilja gera vel við sig.

Premium CBD-olía, 22% með myntu, er ein af vinsælustu vörum CBD Reykjavík.

Ný og frábær PREMIUM Sport 30% CBD-olía með vanillu er frábær olía sem hentar íþróttafólki sem þarf að standast strangar lyfja-prófanir.

Ný og einstök full spectrum PREMIUM CBD-olía, 22% með mildri sitrónu. Algjörlega frábær olía.

Þessi tvenna hefur hjálpað mörgum. CBD RVK vöðva- og liðkrem, ásamt 33% Premium full spectrum oliu með sitrónu eru vinsælar vörur hjá þeim sem þjást af verkjum, bólgu og liðagigt.

Bætum umhverfið

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 29. apríl 2022

Kynningar: Landsvirkjun, MS, Icepharma, Kjarnafæði Norðlenska, Artasan, Innréttingar og Tæki.



Sjálfbær þróun þarf að verða að veruleika og við þurfum öll að horfa á hvernig við getum stutt við hana. Nýting náttúruauðlinda hefur áhrif á náttúru og lífríki, en Landsvirkjun leitast við að vera góður granni og styðja nærsamfélög aflstöðva, segja þau Jóhanna Hlin Auðunsdóttir og Ólafur Arnar Jónsson, forstöðumenn hjá orkufyrirtæki þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Virðing fyrir náttúrunni og samfélaginu

Rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum með hverfandi kolefnisspor fellur vel að sjálfbærri þróun. Landsvirkjun er leiðandi í loftslags- og umhverfismálum, en samfélagið og umhverfið mynda saman eina órjúfanlega heild.²

Landsvirkjun vill vera góður granni

Landsvirkjun leggur sig fram um að vera „góður granni“ og eiga góð samskipti við landeigendur, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Samfélagið og umhverfið mynda eina órjúfanlega heild og orkufyrirtækið vill taka þátt í að bæta umhverfið og auðga samfélagið.

Það er trú þeirra sem starfa hjá Landsvirkjun að starfsemi fyrirtækisins hafi margvíslegt gildi fyrir samfélagið, að því er Ólafur Arnar Jónsson, forstöðumaður nærsamfélags og græns rekstrar hjá Landsvirkjun, segir. Landsvirkjun starfar á fimm svæðum víðs vegar um landið. Flestar aflstöðvar eru á Suðurlandi en vatnsaflstöðvar eru einnig að finna við Blöndu og í Fljótsdal og jarðvarmavinnslu á Þeistareykjum og á Mývatnssvæði. Auk þess er fyrirtækið með skrifstofur á Akureyri og í Reykjavík. Hjá Landsvirkjun starfa alls um 270 manns.

„Samstarf Landsvirkjunar við heimamenn í nærsamfélagum aflstöðva hefur vaxið ár frá ári,“ segir Ólafur. „Með breyttum áherslum fyrirtækisins var nýverið sett á laggirnar sérstakt svið samfélags og umhverfis þar sem nú starfa 16 manns og þau eru á öllum starfsstöðvum fyrirtækisins. Við settum okkur samfélagsstefnu



Það er trú okkar hjá Landsvirkjun að starfsemi fyrirtækisins hafi margvíslegt gildi fyrir samfélagið, segir Ólafur Arnar Jónsson, forstöðumaður nærsamfélags og græns rekstrar hjá Landsvirkjun.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Með breyttum áherslum fyrirtækisins var nýverið sett á laggirnar sérstakt svið samfélags og umhverfis þar sem nú starfa 16 manns og þau eru á öllum starfsstöðvum fyrirtækisins.

Ólafur Arnar Jónsson

þar sem áherslur Landsvirkjunar í samfélagsmálum eru skerptar. Þar er sérstök áhersla á samskipti og samvinnu, virkni fyrirtækisins í samfélaginu og að skapa jarðveg fyrir ný tækifæri í orkutengdri nýsköpun.

Styrkir og sjálfbærni

Ólafur segir að fyrirtækið leiti sífellt nýrra leiða til að verða betri granni. „Núna erum við með tvenns konar styrktarsjóði: Samfélagssjóð sem veitir árlega um 12 milljónum kr. til samfélagsmála og orkurannsóknasjóð sem

veitir árlega um 60 milljónum til ýmissa orkutengdra rannsókna. Fyrirtækið tekur einnig þátt í rekstri tveggja sjálfbærniverkefna. Annað er á Austurlandi í félagi við Alcoa Fjarðaál. Hitt er á Norðausturlandi, undir heitinu Gaumur. Bæði verkefni eru svokölluð vöktunarverkefni þar sem fylgst er með þróun mála á sviði samfélags, umhverfis og efnahags á svæðunum.“

Landsvirkjun leggur áherslu á að ungt fólk í nærsamfélagi aflstöðva komist í kynni við starfsemi fyrirtækisins, að sögn

Ólafs. „Við bjóðum ungmennum í nærsamfélagi aflstöðva upp á sumarstörf. Þau vinna að fegrun umhverfis starfsstöðva fyrirtækisins og nágrennis, en taka líka þátt í samstarfsverkefnum. „Margar hendur vinna létt verk“. Í verkefnum býður Landsvirkjun fram vinnu sumarvinnuhópanna og verkstjórn í ýms verkefni sem lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum í sveitarfélagi þeirra, ásamt ýmsum samfélagsverkefnum.“

Fyrir þá sem vilja nýta sér „Margar hendur vinna létt verk“ er vert að benda á að umsóknarfrestur í ár er til 16. maí næstkomandi og má finna frekari upplýsingar um verkefnið á landsvirkjun.is/margarhendur.

Ólafur nefnir síðast en ekki síst að Landsvirkjun starfrækir tvær gestastofur, aðra við Ljósafossstöð í Soginu og hina við Kröflu í Mývatnssveit. Þema sýningarinnar í Ljósafossi er raforkan sjálf, hvaða áhrif hún hefur á okkur og samfélagið.

Sýningin er gagnvirk með áherslu á leik og upplifun, þar sem eðli og eiginleiki raforku birtist í margvíslegum myndum. ■

Gestastofurnar eru opnar í sumar frá 10-17 alla daga. Verið velkomin til Landsvirkjunar!

Aetlum að gera gott enn betra

Umhverfisvitund æðstu stjórnenda og tenging við það hlutverk sem fyrirtæki hafa að gegna í sjálfbærri þróun, er mjög mikilvæg. Landsvirkjun býr að slíkum styrk og það smitar frá sér í stór og smá verkefni.

Starfsfólk Landsvirkjunar er með umhverfið og samfélagið í huga í öllum sínum störfum, að sögn Jóhannu Hlínar Auðunsdóttur, forstöðumanns loftslags og umhverfis hjá Landsvirkjun.

Jóhanna Hlín segir að hjá Landsvirkjun beri fólk virðingu fyrir náttúru landsins og þeim auðlindum sem fyrirtækið nýtir. „Við sýnum það í verki við undirbúning virkjana, á framkvæmdatíma og í rekstri aflstöðva. Áratuga reynsla við stýringu umhverfisáhrifa, mótun og eftirfylgni nýtist okkur vel nú í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Árið 2020 hlutum við alþjóðlega staðfestingu á því að við erum leiðandi í loftslagsmálum á alþjóðavettvangi og var sú staðfesting endurspegluð nú á dögum þegar við komumst á lista Financial Times yfir evrópsk fyrirtæki sem hafa náð hvað mestum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda síðustu fimm ár. Þetta er einstaklega góður árangur þar sem kolefnisspor starfseminnar er með því lægsta sem þekkist í orkuvinnslu.“

Landsvirkjun hefur stigið fjölmörg skref undanfarin ár til að skerpa sýn og stýringu á loftslagsmálum. „Stærsta skrefið var aðgerðaáætlun okkar í loftslagsmálum og markmið um kolefnishlutleysi starfseminnar árið 2025,“ segir Jóhanna Hlín. Sú aðgerðaáætlun vísi nú veginn fram á við. „Árið 2018 tókum við fyrst íslenskra fyrirtækja upp innra kolefnisverð til að forgangsraða aðgerðum okkar og til að



Stærsta skrefið var aðgerðaáætlun okkar í loftslagsmálum og markmið um kolefnishlutleysi starfseminnar árið 2025, segir Jóhanna Hlín Auðunsdóttir.

tryggja að við værum að beita fjármunum á sem skilvirkastan hátt til lækkunar losunar. Við beitem svo innra kolefnisverði til að taka upplýstar ákvarðanir s.s. við útfærslu virkjana, undirbúning framkvæmda og við val á vörum og þjónustu. Þannig höfum við t.d. hætt kaupum á nýjum fólksbílum sem knúnir eru jarðefnaeldsneyti. Og frá 2023 munum við hætta kaupum á slíkum jeppum. Með þessu stuðlum við að orkuskiptum. Við viljum ekki kaupa nýja bíla sem knúnir eru orkugjafa sem við ætlum okkur að vera laus við innan skamms tíma.“

Upplýsingar í rauntíma

Jóhanna Hlín segir að Landsvirkjun hafi einnig komið sér upp gagnvirku mælaborði með sístreymi upplýsinga sem sýni hvar og hvenær losun verði í starfsemi og hvernig hún þróist frá degi til dags. „Mælaborðið gerir okkur kleift að fylgjast með markmiðum okkar í rauntíma og taka upplýstar ákvarðanir. Yfirsýn er auðveldari,

Landsvirkjun var fyrst íslenskra fyrirtækja til að fá óháð endurskoðendafyrirtæki til að rýna og staðfesta upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda árið 2018.

Jóhanna Hlín Auðunsdóttir

gögnin réttari og við sjáum skýrt og tímanlega hvað gengur vel og hvað má betur fara.“

Landsvirkjun var fyrst íslenskra fyrirtækja til að fá óháð endurskoðendafyrirtæki til að rýna og staðfesta upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda árið 2018. Sem og til að rýna og staðfesta kolefnisbindingu fyrirtækisins árin 2020 og árið 2021. „Við höfum tekið þá ákvörðun að stunda ekki kolefnisjöfnun með kaupum á kolefniseiningum heldur stuðla að kolefnisbindingu með endurheimt landgæða í samstarfi við m.a. landgræðsluna og skógræktina. Þar, eins og í öðru, ætlum við að viðhafa bestu starfsvenjur. Árið 2021 var kolefnisbinding á okkar vegum um 34 þúsund tonn CO₂ ígilda, að langstærstum hluta frá landgræðslu. Það er töluvert meira en öll losun vegna innanlandsflugs á Íslandi árið 2019. En við ætlum að gera gott enn betra og árið 2025 verðum við búin að ná kolefnishlutleysi.“ ■

UMHVERFISVIÐURKENNING 2021

UMHVERFIS-, ORKU- OG
LOFTSLAGSRÁÐUNEYTIÐ



VIÐ ERUM STOLT OG FULL AF ELDMÓÐI

1962

Kartöflur og rófur
ræktaðar til að
fjármagna stofnun BYKO

2016

Við tókum þátt í
byggingu fyrsta
Svansvottaða
íbúðarhússins á Íslandi

2019

Úrbætur í úrgangs-
flokkun og orkuskipti í
samgöngum hefjast

2020

Innleiðing hefst á
heimsmarkmiðum
Sameinuðu þjóðanna

1997

Skógrækt Kópavogs fær
Guðmundarlund að gjöf

2018

Umhverfisstefna mótuð
fyrir eigin starfsemi og
viðskiptavinum gert auðveldara
að framkvæma vistvænt

2020

Kolefnisbinding
skógræktar að
Drumboddsstöðum
vísindalega mæld

2021

Vistvænt vöruframboð
og umhverfisgögn gerð
sýnilegri á byko.is

Kuðungurinn er viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í umhverfismálum sem er veitt árlega til fyrirtækja og stofnana. Að hljóta þessa viðurkenningu skiptir okkur miklu máli.

Við höfum unnið mikið í okkar innra starfi þar sem við vinnum að því að draga úr allri soun og kolefnisspori okkar. Það er gert með því t.d. að auka úrgangsflokkun, fara í orkuskipti á vélum, tækjum og bifreiðum, setja upp hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla og margt fleira.

Það er ekki síður mikilvægt að hafa áhrif út á markaðinn, á okkar viðskiptavini, hönnuði, arkitekta og verktaka, með því að bjóða upp á vistvæn byggingarefni sem uppfylla kröfur helstu

vistvottunarkerfa eins og BREEAM og Svaninn ásamt því að bjóða upp á fræðslu varðandi byggingarefni, vistvottunarkerfin og ávinning þess að byggja vistvænt.

Byggingariðnaðurinn er ábyrgur fyrir 1/3 af kolefnisspori heimsins svo við höfum öll verk að vinna. Við í BYKO viljum gera okkar besta til að vera fyrirmynd og hafa áhrif á byggingariðnaðinn í heild sinni og hvetjum við til vistvænni framkvæmda.

Með vistvænum kveðjum,

Forstjóri BYKO



SAMAN Í
60 ÁR

BYKO

Umhverfissvænni mjólkurvörur að innan sem utan

Mjólkursamsalan leggur áherslu á gæðaframleiðslu í sátt við náttúruna og umhverfið og eru umhverfismál meðal forgangsmála fyrirtækisins. Við hönnun og val á umbúðum er þetta sérstaklega haft í huga og er fyrirtækið sífellt að taka fleiri skref með umhverfisvernd að leiðarljósi.

Árið 2017 varð MS einn fyrsti mjólkurvöruframleiðandi í heimi til þess að skipta út öllum mjólkurfernum sínum fyrir nýjar, umhverfissvænni fernur. Þær fernur bera 66% minna kolefnisfótspor en áður og eru umhverfissvænustu mjólkurfernur sem völ er á. „Samhliða nýju umbúðunum settum við aukinn kraft í að hvetja neytendur til endurvinnslu þar sem við lögðum áherslu á að fernurnar okkar eigi sér framhaldslíf. Svo það verði þurfa neytendur að flokka og skila umbúðunum til endurvinnslu og til þess að einfalda sorpflokkun þá má tappinn fara með fernunni beint í endurvinnslutunnuna.“ segir Margrét Gísladóttir, sérfræðingur á hagsýslu- og samskiptasviði MS.

Plastið út og pappinn inn


Mjólkursamsalan hefur tekið mörg skref til þess að draga úr plasti í umbúðum. Fyrir nokkrum árum voru rörin fjarlægð af G-mjólkinni, öllum plastdósum undir drykki var skipt út fyrir pappafernur og rörum og skeiðum úr plasti var skipt út fyrir pappa. Síðastliðið haust tilkynnti svo fyrirtækið að það myndi taka plastlokin af nokkrum tegundum af skyri. „Við byrjuðum á nokkrum tegundum af KEA skyri og Ísey skyri og erum að skoða að fjölga bragðtegundum

án plastloka. Hvert skref í rétta átt skiptir máli og hafa neytendur tekið þessum breytingum vel,“ segir Margrét.

Umhverfissvænni framleiðsla

Mjólkursamsalan horfir ekki eingöngu á umbúðir þegar kemur að umhverfismálum. Á undanförunum árum hefur fyrirtækið ráðist í miklar fjárfestingar og endurnýjun á tækjabúnaði sem tryggir betri nýtingu á mjólkinni og lengri líftíma varanna. Því er framleiðslan umhverfissvænni en áður. Með framleiðslu á próteindufti og fljótlega etanóli í verksmiðju Íslenskra mysuafurða á Sauðárkróki, færast fyrirtækið nær fullnýtingu hráefnis.

Þá má einnig nefna að mikil áhersla hefur verið lögð á að einfalda söfnun mjólkur og samnýta betur ferðir mjólkurbíla sem keyra um landið. „Með þetta að markmiði hafa verið keyptir bílar sem gegna tvöföldu hlutverki; að keyra vörur til viðskiptavina og sækja mjólk til bænda. Hafa þessar breytingar orðið til þess að minni olíu þarf fyrir hvern unninn lítra af mjólk en áður. Það má því með sannri segja að mjólkurvörurnar frá MS verði sífellt umhverfissvænni, jafnt að innan sem utan,“ segir Margrét. ■



Margrét Gísladóttir er sérfræðingur á hagsýslu- og samskiptasviði MS.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hægt að gera betur í umhverfismálum

Fyrir í vikunni voru nemendur 7. bekkjar Sæmundarskóla útnefndir Varðliðar umhverfisins. Þeir hafa mikinn áhuga á umhverfismálum.

starri@frettabladid.is

Nemendur í 7. bekk Sæmundarskóla voru útnefndir Varðliðar umhverfisins síðasta mánudag, á Degi umhverfisins. Það var umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, sem veitti nemendunum viðurkenninguna, en á sama tíma veitti hann BYKO umhverfisviðurkenningu ráðuneytisins, Kuðunginn, fyrir framúrskarandi starf að umhverfismálum á síðasta ári. Nemendur skólans lærðu um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í vetur og í framhaldi af því fóru þeir af stað með verkefnið „Hvað get ég gert?“. Þar líta nemendur sér nær og velta fyrir sér hvernig þeir geti lagt sitt af mörkum til þess að bæta nærumhverfi sitt. Nemendurnir komu með hugmyndir að verkefnum sjálfir og fengu aðstoð með framkvæmdina. Sum verkefni flugu af stað en önnur voru erfiðari viðureignar.

Fjölbreytt verkefni

Sex af 44 nemendum 7. bekkjar segja okkur betur frá verkefninu. Það eru þeir Arnar, Alexander og Kristófer Logi sem unnu saman, en hugmynd þeirra var að laga til í Sæmundarseli sem er rétt hjá skólanum. Guðný Björk vildi læra hvernig hægt væri að nýta afgangsmat í stað þess að henda honum í ruslið, Brynja skipulagði vegan dag þar sem hún safnaði yfir 100 uppskriftum að vegan máltíðum



Stelpurnar nefndu að fólk gæti verið duglegra að flokka, ekki kaupa alltaf nýtt og henda um leið heilum hlutum. Einnig sé mikilvægt að sóa ekki mat og minnka neyslu á dýrum og dýraafurðum.

Guðný Björk, Aníta Rut og Brynja

mat í stað þess að henda honum í ruslið, Brynja skipulagði vegan dag þar sem hún safnaði yfir 100 uppskriftum að vegan máltíðum

Hluti nemenda 7. bekkjar Sæmundarskóla tók við viðurkenningu frá ráðherra ásamt fulltrúa verkefnisins.

MYND/ADSEND

Brynja segir að hafi komið á óvart hversu mikið væri til af vegan mat. Hún hafði fyrir fram haldið að vegan matur væri ekki góður en síðan hafði hún fundið margar vegan uppskriftir sem voru mjög gírnilegar. Aníta Rut segir að hafi komið henni á óvart hversu margir vissu að flokkun á rusli væri mikilvæg en kusu samt að gera lítið í því. Hún lítur sjálf mikið upp til Gretu Thunberg og vill leggja sitt af mörkum til þess að vekja athygli á loftslagsvandannum.

Meðvitaðri en foreldrar þeirra Nemendurnir voru spurðir hvort þeir væri meðvitaðri um umhverfisvernd en foreldrar þeirra. Þeir sögðust sammála mati kennara sinna, að þeir væru ekki endilega meðvitaðri en fullorðnir almennt en þó meira en foreldrar þeirra voru á þeirra aldri. Hópurinn segir það líklega skýrast af því að mun meiri og opnari umræða sé um umhverfisvernd í samfélaginu en áður og grunnskólabörn í dag séu með frekar auðvelt aðgengi að fyrirmyndum, til dæmis á samfélagsmiðlum. Börn í dag sjái einstaklinga eins og Gretu Thunberg og eigi auðvelt með að tengja við hana og hugsa „hún er bara venjulegur unglingur eins og ég“. Foreldrar þeirra höfðu ekki slíkar fyrirmyndir á sínum tíma auk þess sem krakkar í dag fái kennslu í skólanum um loftslagsmál og umhverfisvernd sem foreldrar þeirra fengu ekki.

Þetta eru nokkrum dæmi um verkefni en í lokin safnaði hópurinn verkefnunum saman og kynnti þau á sérstakri heimasíðu.

og lét fylgja með leiðbeiningar á myndbandi og Aníta Rut vildi gera auðveldara fyrir fjölskylduna sína að flokka rusl heima við. Þetta eru nokkur dæmi um verkefni en í lokin safnaði hópurinn verkefnunum saman og kynnti þau á sérstakri heimasíðu.

Lærdómsrík og krefjandi verkefni

Þau eru sammála um að verkefnið hafi verið bæði lærdómsríkt og krefjandi. Strákarnir nefndu helst að þeir hafi lært að Sæmundarseli er á ábyrgð Reykjavíkurborgar og að það taki mikla vinnu að fá aðstoð til að bæta slíka aðstöðu.

Guðný Björk segist hafa lært hversu mikilvægt er að nýta matinn vel. Of margt fólk hefur ekki efni á miklum mat og reidi sig á samtök eins og Samhjálp til að fá að borða. Hún bendir á að

betra sé að fá sér lítinn skammt og ákveða þegar hann klárast hvort það þurfi að borða meira, frekar en að fá sér of mikið af mat og enda með því að henda kannski stórum hluta hans.



Guðrún Sortveit, talskona Sonett, er mjög ánægð með hvað vörurnar eru umhverfisvænar.
MYND/ADSENDAR

Brotna hundrað prósent niður í náttúrunni

Þýska fjölskyldufyrirtækið Sonett hefur í yfir 40 ár verið brautryðjandi í þvotta- og hreinsiefnum úr lífrænum hráefnum og er með þeim fremstu á sviði þróunar á hreinlætisvörum úr náttúrulegum efnum sem gefa góða virkni og eru skaðlaus umhverfinu og niðurbrot-anleg í náttúrunni.

Hreinsiefnin brotna 100% niður í náttúrunni ásamt því að vernda náttúrulegar vatnsauðlindir sem eru undirstaða lífsins. Vörurnar hafa gríðarlega góða virkni en eru einnig mildar fyrir húðina. Ekki skemmir fyrir að þær eru með dásamlegum ferskum náttúrulegum ilmi sem kemur úr ilmkjarnaolíum í stað kemiskra ilmefna.

Sonett hefur það að leiðarljósi að bjóða upp á öflugar hreinsivörur með góða virkni en vera samtímis 100% umhverfisvænt og umhyggjusamt gagnvart náttúrunni. Fyrirtækið er með allar bestu mögulegu vottanir sem hægt er að fá á hreinlætisvörur.

Allur ágóði í styrktarsjóði
Sonett er ekki hagnaðardrifid fyrirtæki, allur ágóði sölu á Sonett vörum fer í Sonett styrktarsjóð. Sjóðurinn útteilir styrkjum í verkefni á sviði vatnsrannsókna, þróunar á mannúðlegum prófunum í stað dýratilrauna og samfélagsverkefni.

Eftirfarandi atriði eiga við um Sonett hreingerningavörurnar:

- Lífrænt vottaðar
- Virk og öflug hreinsiefni
- Náttúruleg, unnin úr plöntu- hráefnum
- Brotna 100% niður í náttúrunni
- Sérlega mildar vörur fyrir húðina
- Án tilbúinna rotvarnarefna og ensíma
- Án tilbúinna ilmefna, náttúrulegar ilmkjarnaolíur
- Án tilbúinna litarefna



Hvað er það við Sonett vörulínuna sem heillaði þig?

„Það sem fyrst og fremst heillaði mig við Sonett er hvað vörurnar eru umhverfisvænar. Þær brotna 100% niður í náttúrunni og eru hráefnin unnin úr jurtum og steinefnum,“ segir Guðrún Sortveit, talskona Sonett. „Það skiptir mig ótrúlega miklu máli og er ég alltaf að reyna vanda mig í þeim málum. Mér líður bara svo vel að nota þessar vörur, því þær innihalda ekkert eitur. Og fyrir utan hvað þær eru góðar þá lykta þær líka svo vel.“

Uppáhalds Sonett varan þín?

„Langar að segja allar. En ef ég ætti að velja þá yrði það að vera blettahreinsirinn góði sem ég nota nánast daglega og nær nánast öllum blettum úr. Síðan eru spreysin í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég nota alhliða- og glerspreyid nánast daglega!“

Besta hreingerningarráð sem þú hefur fengið?

„Mér finnst gott ráð að skipta niður þrifum heimilisins á nokkra daga. Ég var alltaf með svo mikla pressu á að taka bara einn dag í allt og var síðan svekkt að ná ekki að klára. Það er allt í góðu að skipta þessu á tvo daga.“ ■

Endursöluaðilar eru Fjarðarkaup, Krónan, Nettó, Samkaup, Kjörbúðin, Melabúðin, Hlíðarkaup, Verslunarfélag Drangsness, Byko Breidd, Húsasmiðjan, H Verslun og Lyfjaver



Í Sonett línunni finnur þú allar þær hreinlætisvörur sem að þú þarft fyrir heimilið.

➤ **Mér líður bara svo vel að nota þessar vörur, því þær innihalda ekkert eitur.**



Allur ágóði sölu á Sonett vörum fer í Sonett styrktarsjóð, sem styrkir ýmis góðgerðar- og umhverfismál.



Vörurnar hafa gríðarlega góða virkni en eru einnig mildar fyrir húðina. Ekki skemmir fyrir að þær eru með dásamlegum ferskum náttúrulegum ilmi.



Úrbeinað helgjarlæri frá KEA er vinsælt á borðum Íslendinga.

Stórfyrirtæki í kjötvinnslu sameinast

Nýlega sameinuðust fyrirtækin Kjarnafæði, Norðlenska og SAH Afurðir á Blönduósi, svo úr varð eitt stærsta kjötvinnslufyrirtæki landsins, Kjarnafæði Norðlenska hf.

Andrés Vilhjálmsson, markaðsstjóri Kjarnafæðis Norðlenska, segir að stefna hins sameinaða fyrirtækis verði skýr umhverfisstefna. „Við munum minnka óæskilegt plast með því að færa allar vörur í endurunnið plast sem er 100% endurvinnanlegt,“ segir hann. „Það má geta þess að við höfum nýverið skipt umbúðum fyrir nautahakk yfir í nýjar sem eru 90% minna plastinnihald og hafa þar fyrir utan lengra geymsluþol fyrir vörurnar,“ segir Andrés.

Hann bendir á að við val á birgjum og öðrum aðföngum sé leitast við að velja umhverfisvæna

kosti umfram aðra. „Stefna okkar er ávallt að minnka rýrnun og hefur það tekist mjög vel með góðu aðhaldi í innsetningum sem og góðu eftirliti sölumanna. Þannig náum við að lágmarka soun,“ segir hann.

Andrés segir að fyrirtækið sé meðvitað um umhverfismál og stöðugt sé unnið að því að finna bestu lausnir til að bæta umhverfið. „Hvort sem það er að minnka rúmmál pakkninga, þynna plast, meiri skilvirkni í flutningum og þess háttar. Ávallt er lögð áhersla á að endurnýta og endurvinna allt sem mögulegt er að gera. Við leggjum líka ríka áherslu á umgengni á vinnusvæðum, að þau séu bæði örugg og snyrtileg.

Við þurfum hins vegar að horfa raunhæft á hlutina en ekki fara fram úr okkur í eitthvað sem að lokum bætir ekkert. Þetta snýst um að vera lausnamiðaður og



Heiðalambið frá Kjarnafæði hefur verið í upphaldi hjá mörgum enda einstaklega bragðgott.



Andrés Vilhjálmsson, markaðsstjóri Kjarnafæðis Norðlenska, bendir á að sameinað fyrirtæki sé mjög umhverfismiðað og nú sé verið að skipta yfir í umhverfisvænar umbúðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
AÐUNN

horfa jákvætt til framtíðar með umhverfið að leiðarljósi,“ greinir Andrés frá.

Hátt í 400 manns starfa hjá Kjarnafæði Norðlenska. Það var mat félaganna að sameinað félag væri betur í stakk búið til að veita viðskiptavinum sínum og birgjum, ekki síst bændum, góða þjónustu á samkeppnishæfu verði. ■

Starfsstöðvar Kjarnafæðis Norðlenska eru á Svalbarðseyri, Akureyri, Húsavík og Blönduósi.



Alvöru hetjur gera kortið grænt

Á vefsíðunni plokkari.is sem er nýkomin í loftið eftir endurbætur, geta plokkrar merkt það svæði sem þeir hafa plokkað. Þannig fæst betri yfirsýn fyrir aðra plokkrara yfir hrein og óhrein svæði.

sandragudrun@frettabladid.is


Þeir Guolin Fang og Benedikt eru mennirnir bak við vefsíðuna. Guolin segir að hugmyndin að vefnum hafi kviknað árið 2019.

„Ég var þá meðlimur Facebook-hópsins Plokk á Íslandi. Frá byrjun hafa plokkrar verið duglegir að deila því svæði sem þeir hafa plokkað inn á Facebook. Þegar fleiri fóru að taka þátt í þeim hópi varð afar erfitt að fylgjast með hvar er verið að plokka. Því kviknaði hugmyndin að því að búa til kortavefsíðu þar sem allir geta séð hvar er búið að plokka,“ útskýrir Guolin.

„Hingað til hefur fólk verið að setja myndir inn á Facebook af Google Maps sem það hefur teiknað plokkuðu svæðin sín inn á með verkfærum eins og MS paint. Okkur fannst vanta staðlaða leið fyrir plokkrara til að merkja inn svæðin sem þeir plokka.“

„Vefurinn gengur út á að auðvelda plokkrum að merkja inn svæði sem þeir hafa verið að plokka. Þannig geta aðrir plokkrar skipulagt leiðangra á önnur svæði sem ekki er þegar búið að plokka,“ segir Benedikt.

Fyrir þau sem ekki þekkja hugtakið plokk þá er það notað yfir þann verknað að fara um illa



Benedikt og Guolin bjuggu til vef fyrir plokkrara sem fór í loftið fyrir rúmri viku. MYNDIR/AÐSENDAR

hirt svæði og þrifa þar upp plast, pappa og annað rusl sem fallið hefur til frá íbúum, framkvæmdum eða þungaflutningum innan marka sveitarfélaga, á girðingum og í skurðum á víðavangi.

Í loftið fyrir Stóra plokkgaginn Vefurinn fór fyrst í loftið árið 2019 en vegna tæknilegra örðugleika var síðan tekin niður.

„Framfarir í tækni gerðu okkur svo kleift að endurhanna síðuna frá grunni og leysa þessi tæknilegu vandamál. Þá fór síðan aftur

í loftið 21. apríl 2022 í tæka tíð fyrir Stóra plokkgaginn,“ útskýrir Guolin, en Stóri plokkgagurinn var haldinn síðasta sunnudag.

„Við fórum saman á Plokkgaginn mikla og plokkuðum rusl í Elliðaárdal,“ segir Benedikt sem er nýr meðlimur í Plokkurum á Íslandi en Guolin hefur verið meðlimur síðan 2019.

Þeir Guolin og Benedikt segja að plokkrar hafi verið duglegir að nota vefinn.

„Samkvæmt okkar talningu þá plokkuðu Íslendingar rúmlega 5



Skjáskot af síðunni. Grænu svæðin sýna hvar hefur verið plokkað.

ferkílómetra af rusli yfir helgina 22.-24. apríl þegar Stóri plokkgagurinn var haldinn. Það telur rúmlega 81,5 Smáralindir eða 253,6 Laugardalshallir, svo stærðin sé sett í samhengi,“ segja þeir.

Einar Bárðarson hefur verið virkur í Plokki á Íslandi og vill koma á framfæri þakklæti til Guolin og Benedikts fyrir að koma plokkrari.is í loftið.

„Þetta er ótrúlega flott hjá þeim. Umgjörðin er einföld og það er auðvelt fyrir plokkrara að nota vefinn. Við skoðuðum það fyrir tveimur til þremur árum að hanna app sem gerði það sama og vefurinn, en það hefði kostað 5 milljónir, sem er eitthvað sem lítil félagasamtök ráða ekki við. Þess vegna er frábært fyrir plokkrara að vera komin með þennan vef. Þú þarft ekkert að vera góður á tölvur til að geta notað hann,“ segir hann.

Vantar forritara og hönnuði

Þeir Guolin og Benedikt leita nú að framendaforriturum og hönnuðum til að vinna með þeim

á því að gera vefinn betri. Bæta upplýsingaflæðið og notendaupplifunina.

„Við erum að vinna í að gera plokkrari.is að opnum hugbúnaði svo hver sem er geti tekið þátt í að gera vefinn betri fyrir plokkrara á Íslandi. Það er hægt að ná í okkur í gegnum tölvupóst á annað hvort guolin19@ru.is eða benedikthth@ru.is,“ segir Benedikt.

Þeir segjast nú þegar hafa fengið ábendingar frá plokkrum um hvernig má gera vefinn betri og hafa ráðist í einhverjar breytingar út frá þeim.

„Staðan er þó klárlega sú að við þurfum fleiri hendur til að geta framkvæmt allar umbæturnar. Við hugsum um plokkrari.is sem verkfæri sem allir plokkrar eiga að geta notið góðs af og þess vegna erum við alltaf mjög opnir fyrir ábendingum,“ segir Guolin.

„Að lokum langar okkur að fá nefna að það var heiður að fá að búa til þennan vef og að fá svona góð viðbrögð við honum. Alvöru hetjurnar eru samt þær sem gera kortið grænt!“ ■

Saman getum við skapað betri plánetu með Better You

Better You-vörurnar eru pakkaðar í endurunnið plast úr sjó og nota framleiðendur FSC-vottaðan pappír, þetta er allt 100% endurvinnanlegt.

Flest okkar eru meðvituð um það að vítamín eru nauðsynlegur hluti af eðlilegri líkamsstarfsemi og nauðsynleg til inntöku dag hvern. Virkni vítamína á mannslíkamann eru margvísleg og hafa þau ýmist jákvæð áhrif á ónæmiskerfið, meltingu eða vöxt og viðhald. Vítamín koma oft og tíðum í plastumbúðum eða sambærilegum umbúðum sem hafa slæm áhrif á jörðina, en hlýnun jarðar er ein stærsta ógn sem plánetan okkar stendur frammi fyrir núna. Það er því mikilvægt fyrir bæði heilsuna og umhverfið að velja umhverfisvænar umbúðir þegar kemur að vali á nauðsynlegum bætiefnum sem við innbyrðum dag hvern, allan ársins hring.

Mikilvægt að vera skynsöm og skoða aðrar lausnir

Frá árinu 1950 hefur framleiðsla á plasti tvö hundruð faldast í heiminum, en plast kemur við sögu í lífi flestra dag hvern. Ýmsar vörur sem við þurfum á að halda daglega eru gerðar úr plasti, þar má til dæmis nefna umbúðir utan um bætiefni sem eru mikilvæg heilsu okkar. Plast nýtist okkur í heldur stuttan tíma að meðaltali en endist þó gríðarlega lengi í náttúrunni. Á ári hverju berst gífurlegt magn af plasti í sjóinn, eða um átta milljón tonn sem hefur áhrif á alla jörðina. Í plasti eru ýmis efni sem geta haft skaðleg áhrif á heilsu okkar og umhverfi og er því mikilvægt að við drögum úr plastnotkun. Til þess að draga úr þessum skaða er mikilvægt að vera skynsöm og skoða aðrar lausnir en mikilvægt er að við hreinsum ekki einungis upp plastið sem fer í sjóinn heldur einnig að við bregðumst við og komum í veg fyrir að enn meira endi þar. Better You stendur framarlega í flokki þegar kemur að umhverfisvænum umbúðum í sínu vöruúrvali af bætiefnum.

Better You leggur mikið upp úr gæðum

Þegar velja skal bætiefni til inntöku er ekki úr vegi að skoða úr hverju umbúðir eru gerðar.



Á hverju ári berst gífurlegt magn af plasti í sjóinn, eða um átta milljón tonn sem hefur áhrif á alla jörðina.

Þegar velja skal bætiefni til inntöku er ekki úr vegi að skoða úr hverju umbúðir eru gerðar.



Better You línan býður upp á fjölbreytt úrval af vítamínum og steinefnum sem öll eru í formi munnúða. MYNDIR/AÐSENDAR



Allar vörur eru pakkaðar í endurunnið plast úr sjó sem er allt 100% endurvinnanlegt.



Better You stendur framarlega í flokki þegar kemur að umhverfisvænum umbúðum.

Fyrirtækið Better You nýtur sífellt aukinna vinsælda en það er ekki að ástæðulausu þar sem mikið er lagt upp úr gæðum. Better You hefur unnið að þessum málum hörðum höndum og með framúrskarandi hóp vísindamanna sem eru í fararbroddi í plast- og umbúðatækni. Fyrirtækið tryggir að vöruúrval þeirra hafi sem minnst áhrif á jörðina og eru því allar vörur lausar við pálmaolíu og eru pakkaðar í endurunnið plast úr sjó sem er allt 100% endurvinnanlegt.

Vítamín í formi munnúða

Better You línan býður upp á fjölbreytt úrval af vítamínum og steinefnum sem öll eru í formi munnúða sem er afar þægileg og hentug leið til að innbyrða mikilvæg bætiefni dag hvern. Órsmáar sameindir vítamína frásogast hratt í gegnum slímhúð í munn og eiga þannig leið út í blóðrás líkamans sem tryggir góða upptöku. Munnúðar eru einföld og áhrifarík leið til að taka inn vítamín og fyrir þá sem eiga erfitt með að taka töflur eða glíma við undirliggjandi meltingarvandamál koma þeir sérlega vel. Ekki skemmir fyrir að munnúðarnir eru einstaklega bragðgóðir og hentugir í notkun. Better You er með fyrsta flokks úrval af vítamínum í munnúðaformi og geta því allir fundið eitthvað við sitt hæfi fyrir bætta heilsu ásamt því að huga að jörðinni samhliða.

100% endurunnar umbúðir

Umbúðirnar sem notaðar eru utan um munnúðana frá Better You eru gerðar úr FSC-vottuðum pappi en slík vottun er tvenns konar, annars vegar vottun á skógrækt og hins vegar vottun á rekjanleika þar sem hvort tveggja snýst um sjálfbæra ræktun. Better You vöruúrvalið hefur jafnframt alltaf verið og mun alltaf vera laust við alla pálmaolíu en fyrirtækið leggur upp úr að kanna uppruna hvers innihaldsefnis til þess að tryggja að engin snerting verði við pálmaolíu í ferlinu. Með því að nota Better You í stað sambærilegra vara hafa viðskiptavinir hingað til komið í veg fyrir að 50 tonn af plasti lenti í sjónum. Better You leggur mikið upp úr gæðum hvað varðar umhverfisvæna þætti og hefur fyrirtækið hlotið alþjóðlegt vottorð fyrir góðan árangur á þessu sviði. ■

BetterYou™ Vegan Health

Sérstaklega samsett bætiefnablanda fyrir þá sem eiga erfitt með að taka upp B12 og járn úr fæðunni og þá sem neyta ekki dýraafurða.

Hámarksuptaka tryggð þegar úðað er út í kinn.
Hröð og mikil upptaka.
Betra og öruggara en töflur eða hylki.
Pakkningar gerðar úr endurunnu plasti úr sjónum
48 skammtar

■ Vegan D3 ■ B12 ■ Járn & Joð

Valið BESTA NÝJA BÆTIEFNIÐ á Natural & Organics í London 2019



Útsöluastaðir: Öll apótek, heilsuverlanir og heilsuhillur stórmarkaðanna



Blanda má ýmsum laufum og burknum með mosanum til að fá ólíka áferð.

MYND/ADSEND

Umhverfisvænt og mosagrænt

Plöntuveggir hafa verið áberandi í innanhússhönnun hvort heldur er í heima-húsum eða fyrirtækjum og stofnunum, enda er um að ræða stórskemmtilega leið til að njóta náttúrunnar inni.

Fjöldi lausna er til þegar kemur að þessum vinsælu og skemmtilegu plöntuveggjum og finna má meðal annars veggja þakta plastplöntum eða náttúrulegum plöntum. Íris Jensen, hjá Innréttingum og tækjum, segir spennandi nýjungar í takti við aukna umhverfisvitund streyma í verslunina og nefnir hún meðal annars fallegar mosaplötur frá Benetti Home sem hafa vakið gífurlega athygli.

„Mosaplötur frá Benetti Home eru úr náttúrulegum mosa, laufum og burkna sem allt eru plöntur sem þrífast vel í röku og dimmu umhverfi. Í réttum aðstæðum þarf lítið sem ekkert að hugsa um mosaplötur en ef rakinn er einstaklega lítill, þá er nóg að úða sérstöku efni sem fæst hjá okkur á nokkurra mánaða fresti. Mosinn er sérreктаður á trjám í Finnlandi á sjálfbæran hátt og meðhöndlaður á Ítalíu þar sem hann er litaður og fleira. Mosinn fæst í fjölda lita og hægt er að stjórna áferðinni eftir smekk livers og eins. Plötur sjálfar eru vistvænar og búnar til úr léttu áli og umhverfisvænum efnum,“ segir Íris.

Ekki bara fyrir baðherbergið

Þó svo Innréttingar og tæki sé fyrst og fremst verslun með hreinlætisvörur þá einkorðast þessar stórskemmtilegu mosaplötur síður en svo við baðherbergið. „Plötur fást í 42x42cm einingum hér í versluninni og má raða saman eftir vild eða hengja upp stakar. Við getum líka látið sérframleiða stóra eða litla gróðurveggi, látið klippa til og búa til listaverk eða lögó fyrirtækja, allt eftir því sem hver og einn vill. Mosaplötur eru einstaklega eftirsóttar til að skreyta hótél og veitingastaði en

þær setja mjög skemmtilegan svip á umhverfið. Svo skemmir ekki fyrir að mosinn er hljóðeinangrandi og bætir því hljóðvist í stórum opnum rýmum sem og á baðherbergjum sem eiga það til að bergmála. Hann skapar því einstaklega notalega stemningu hvar sem hann er.“

Mosaveggir heilla marga

Að sögn Írisar hafa mörg fyrirtæki og stofnanir fjárfest í mosaveggjum frá Benetti Home. „Það er endá fát sem óskrar umhverfisvernd jafnhátt og grænn og vænn plöntuveggur,“ segir Íris. Það er til dæmis hægt að sjá glæsilegan og risastóran vegg úr mosaplöntum við upplýsingaborðið í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. „Hann kemur mjög vel út og eins í galleríinu hjá Ingu Elínu á Skólavörðustíg.“

Þá er einnig hægt að sjá mosaplötur á kaffihúsinu Duck and Rose. Við vorum að gera smá verkefni saman, við og strákarinn sem reka þennan stað, svona mosavegg sem þeir völdu. Svo vildu þeir hafa rósir á honum af því að staðurinn heitir náttúrulega Duck and Rose. Svo við fórum í það að finna rósir og mosa og útkoman er æðisleg,“ segir Íris. „Stærsti mosaveggurinn í heimahúsi er svo að sjálfsgöðu heima hjá leikaraparinu Nínu Dögg og Gísla Erni,“ segir Íris.“

Þjónn, það er ryk í súpunni!

Það besta við mosaplötur frá Benetti Home segir Íris er að mosinn safnar ekki í sig ryki. „Ég veit fát ógirnilegra en að sitja á veitingastað sem er með risastóran rykfallandi plastplöntuvegg. Það er engin leið að þrifa þannig og ég vildi síður fá ryk í matinn minn. Mosaveggirnir frá Benetti Home eru 100% náttúrulegir, safna ekki í sig ryki og laða ekki að skordýr. Auk þess eru þeir ekki eldfimur. Þess vegna eru þeir tilvaldir inn á veitingahús sem vilja færa fegurð náttúrunnar inn í veitingasalinn,“ segir hún. ■

Innréttingar og tæki eru í Ármúla 31. Sími 588 7332. Sjá nánar á i-t.is.



Íris Jensen fyrir framan mosa- og rósavegginn á veitingastaðnum Duck and Rose.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

” Mosinn er sérreктаður á trjám í Finnlandi á sjálfbæran hátt og meðhöndlaður á Ítalíu.

Íris Jensen



Sólguli mosa-veggurinn í verslun Innréttinga og tækja vekur ávallt verðskuldaða athygli.

FRÉTTABLAÐIÐ/ EYÞÓR ÁRNASON



Plötur koma í 42x42 cm stærð, en hægt er að sérsníða fyrir einstök verkefni.



Einnig er hægt að fá plötur í ólíkum litum undir mosann.

” Mosaplötur frá Benetti Home eru úr náttúrulegum mosa, laufum og burkna sem þrífast vel í röku og dimmu umhverfi.

Íris Jensen



Mosinn frá Benetti Home kemur frá Finnlandi og er litaður í öllum regnbogans litum á Ítalíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ ERNIR

molok®

Við kynnum með stolti Molok djúpgáma á Íslandi

Molok djúpgáma kerfið er hannað sem heildarlausn á meðhöndlun úrgang sveitarfélaga, sem og einnig öðrum meðalstórum og stórum notendum. Hægt að setja Molok djúpgáma kerfið upp á hvaða stað sem er þar sem sorpsöfnun og aðskilnaðar sorps er krafist.



Molok kerfið hentar sérstaklega vel fyrir:

- endurvinnslur og miðlægar söfnunarstöðvar
- fjölbylishús
- skóla, leikskóla, sjúkrahús, hótél og verslunarmiðstöðvar
- íþróttasvæði, hafnarsvæði, leiksvæði, kirkjugarða og tjaldstæði
- krefjandi byggingasvæði
- stórar opinberar byggingar



Hægt er að stækka eða minnka einingakerfið til að mæta þörfum bæði stórra og lítilla sveitafélaga og fyrirtækja.

Molok djúpgámar eru ISO vottaðir og standast öll hönnunarviðmið sveitarfélaga.

Einfaldleiki, góð ending og lág bilanatiðni einkenna Molok kerfið.
Molok djúpgámar virka í öllum veðrum, **allstaðar**.



HPGÁMAR

www.hpgamar.is · Sími, 421 5005

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafi., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-15, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 788 1590

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Heilsa

Heilsuvörur



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Steinhella 17 lager - geymsluhúsnæði

500 fm lager- og geymsluhúsnæði til langtímaleigu. Mikil lofthæð, laust nú þegar.

Uppl. í s. 893 9777

HEF OPNAÐ Á NÝ EFTIR COVID

Sölurninn Smárinn
Dalvegi 16c, Kópavogi
s. 564 2325

Þú ert ráðin/n!

Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST
Ráðningar

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár



hagvangur.is

HAGVANGUR

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



Takk, kæri Velunnari



Krabbameinsfélagið lætur sig allt varða þegar krabbamein eru annars vegar og sinnir öflugri hagsmunagæslu, rannsóknum, ráðgjöf og stuðningi, fræðslu og forvörnum. Með Velunnurum vinnum við alla daga að enn meiri framförum. Að koma í veg fyrir krabbamein, fækka þeim sem deyja af völdum krabbameina og bæta lífsgæði sjúklinga og aðstandenda þeirra. Með stuðningi Velunnara Krabbameinsfélagsins þarf enginn að vera einn með krabbamein.

Með þér getum við gert svo ótalmargt.



Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó Íþrótt- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi.
- 20.00 Draugasögur (e) Í sjónvarpsþættinum Draugasögum kynnumst við lífinu að handan.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó (e)

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2010-2011 Árborg-Ísafjarðarbær.
- 14.35 Alla leið
- 15.35 89 á stöðinni
- 16.00 Kvöldstund með listamanni 1986-1993 Dr. Hallgrímur Helgason.
- 16.55 Stíklur Undir Vaðalfjöllum.
- 17.25 Gamalt verður nýtt
- 17.35 Tónstofan Magnús Eiríksson.
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Lesið í líkamann
- 18.29 Verkstæðið Búum til skópurkara.
- 18.35 Húllumhæ
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Kastljós
- 20.00 Gettu betur - Á bláþræði Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem úrvalslið gleðigjafa takast á í léttum og fjörugum spurningaleik í anda Gettu betur.
- 21.10 Vikan með Gísla Marteini
- 22.05 Veiðimennirnir Fasandræberne Dönsk spennumynd frá 2014 byggð á skáldsögu eftir danska glæpasagnahöfundinn Jussi Adler-Olsen. Þegar ungir tvíbúar eru myrtir beinist grunur að námsmönnum í heimavistar-skóla nálægt morðstaðnum. Myndin er sjálfstætt framhald kvikmyndarinnar Konan í búrinu. Leikstjóri: Mikkel Nørgaard. Meðal leikenda eru Nikolaj Lie Kaas, Fares Fares og Pilou Asbæk. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
- 00.00 Stjörnur deyja ekki í Liverpool Film Stars Don't Die in Liverpool
- 01.40 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 14.50 This Is Us
- 15.35 Top Chef
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Carol's Second Act
- 19.40 Black-ish
- 20.10 Before Midnight
- 21.55 The Last Full Measure
- 23.50 Pet Sematary
- 01.30 The Talented Mr. Ripley
- 03.45 Tónlist

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.15 The O.C.
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.20 Supernanny
- 10.00 Masterchef USA
- 10.40 It's Always Sunny in Philadelphia
- 11.05 Hindurvitni
- 11.30 Cherish the Day
- 12.15 Golfarinn
- 12.35 Nágrannar
- 13.05 Grand Designs
- 13.50 The Bold Type
- 14.30 Steinda Con. Heimsins furðulegustu hátíðir
- 15.05 McDonald and Dodds Léttur og stórgóður breskur sakamálaþáttur.
- 16.35 Real Time With Bill Maher
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 17.55 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.40 Sportpakkinn
- 18.55 Fyrsta blikið
- 19.30 Britain's Got Talent
- 20.50 Silk Road Spennutryllir frá 2021 sem fjallar um ris og fall Silkileiðarinnar, Silk Road, alræmdrar skuggavefsíðu sem olli miklum óróa á internetinu á sínum tíma.
- 22.50 Forgetting Sarah Marshall
- 00.35 Angel of Mine Spennandi ráðgáta frá 2019 með Noomi Rapace og Luke Evans í aðalhlutverkum. Syrgjandi móðir missir tókin á raunveruleikanum þegar hún fer að halda að dóttir nágranna síns sé í raun látin dóttir hennar. Hún byrjar að fylgjast með stúlkunni og þráhyggjan vex en foreldrar litlu stúlkunnar gera hvað sem er til að vernda heimilið.
- 02.10 The O.C.
- 02.55 McDonald and Dodds

Fótboltinn fyrirferðarmikill

Íþróttavikan með Benna Bó er á dagskrá Hringbrautar í kvöld eins og aðra föstudaga. Að þessu sinni er fótboltinn fyrirferðarmikill en Pálmi Rafn Pálmason, fyrirlíði KR, sest í settið ásamt Herði Snævari Jónssyni íþróttastjóra Torgs. KR leikur gegn Val á morgun í sannkölluðum stórleik og er einnig rætt við Heimi Guðjónsson, þjálfara Vals. Það er einnig hitað upp fyrir Breiðablik - FH. Þá er farið yfir Meistaradeildina, enska boltann og fréttir vikunnar.



Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Hjörvar Steinn Grétarsson (2.542) átti leik gegn Héðni Steingrímssyni (2.538) á Íslandsmótinu í skák. Svartur á leik

27...Rg3+! 28. Kxh2 Re2+ 0-1. Hvítur er överjandi mät. Hjörvar hefur vinningsforskot þegar tveimur umferðum er ólokið. Vignir Vatnar Stefánsson er í öðru sæti. Mótinu lýkur með 8. og 9. umferð um helgina. Benedikt Briem var efstur með 4½ vinning eftir 5 umferðir í áskorendaflokki. Sjötta umferð fór fram í gærkvöldi.

www.skak.is: Íslandsmótið í skák.

Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 hrís
- 5 léleg
- 6 öxull
- 8 uppkast
- 10 í röð
- 11 féлага
- 12 vegghamar
- 13 skjótur
- 15 raðtala
- 17 týna

LÓÐRÉTT

- 1 slengjast
- 2 stækkuðu
- 3 miski
- 4 rákir
- 7 drykkur
- 9 raspa
- 12 skemmtun
- 14 nægilegt
- 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 karr, 5 aum, 6 ás, 8 skissa, 10 tu, 11 vin, 12 berg, 13 kastast, 2 juku, 3 am, 4 rási, 7 sangra, 9 sverfa, 12 ball, 14 nóg, 16 tt.


Sudoku

			2	4		1		6
		7		3	8	9	5	
		5		7				
				9		5		
8	9			6		2	1	
					4	3		7
6		4		5		8		
7		1				6	4	
3	8							

			4			9		
3	4	5			6		8	
6	7					2		
				5		3		
	6	2	3				4	
9	1				8		2	
				8			1	
			6	1				
8				3				7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Podus



Eftir Frode Øverli



Réðust á okkur innan frá

Agnieszka Ewa Ziolkowska varaformaður Eflingar hefur alltaf unnið láglaukastörf og brennur fyrir málefnum síns fólks. Því situr hún enn sem fastast í óbærilegu vinnuumhverfi þar sem ítrekað hefur verið reynt að bola henni burt.

Þakklátur fyrir frjósama þögn og hvíld í faraldrinum

Tónlistarmaðurinn Rufus Wainwright heldur tónleika á Íslandi í lok maí. Þetta er í annað sinn sem hann kemur til landsins. Á litríkum og fjölbreyttum ferli hefur hann sent frá sér níu plötur og eftir hann liggja meðal annars óperur og aðlaganir á sonnettum Shakespeares.



Vildi skrifa um stóru spurningarnar

Alda Björk Valdimarsdóttir sendir frá sér sína aðra ljóðabók, *Við lútum höfði fyrir því sem fellur*. Hún segir skáldskapinn og fræðin tala vel saman og leitaði í ólíkar áttir við skrifin.

tsh@frettabladid.is

Við lútum höfði fyrir því sem fellur er önnur ljóðabók Öldu Bjarkar Valdimarsdóttur, rithöfundar og bókmenntafræðings. Alda Björk segir bókina töluvert frábrugðna fyrri bók hennar, *Við sem erum blind og nafnlaus*, þótt hún hafi sótt í svipaðan brunn til að byrja með.

„Ég myndi segja að í fyrri hlutanum þá sé ég að fókusa meira á hið persónulega, en bókinn fjallar í raun um stöðu mannsins í heiminum, hvað við erum að gera, hvaðan komum við, á hvaða ferðalagi erum við og hvert stefnum við. Þetta eru svona stóru spurningarnar í allri ljóðabókinni,“ segir hún.

Hið stóra og hið smáa

Alda Björk hikar ekki við að fást við stóru spurningar tilverunnar. Í fyrri hluta bókarinnar, sem nefnist Ástin á tímum fellibyljanna, fjallar hún um hið persónulega og smáa en setur það í samhengi við áleitnar vistfræðilegar spurningar. Í seinni hluta bókarinnar, sem nefnist Kennslu aflýst vegna byltingar, skrifar hún um þær tilvistarlegu spurningar sem vísindin vekja upp en gerir það út frá goðsögulegu og trúarlegu samhengi.

Spurð hvort það sé ekki erfitt að skrifa ljóð um svo stór hugtök segir Alda:

„Það kallaði á umtalsverða vinnu að finna þá nálgunarleið sem hentasti mér, en það sem mig langaði að fást við, allavega í þessari ljóðabók, voru stóru spurningarnar. Ég hafði bara mjög mikinn áhuga á því að gera það á þessum tímum. Ég byrjaði að lesa heimsfræði eins og Sögu tímans eftir Stephen Hawking og einhver svona vinsæl vísindi. Þá byrjaði þetta að myndast og ljóðin fóru að koma til mín.“

Sammanlegt samhengi

Að sögn Öldu Bjarkar á bókinni að



Alda Björk er dósent í almennri bókmenntafræði og segir skáldskapinn og fræðin tala vel saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Kennslu aflýst vegna byltingar

Ég beygi vilja Guðs eins og ljósið á bak við bjarta sól sem er hulin mána.

Og ég færi stjörnuna myrkrinu.

hluta til uppruna sinn í persónulegri reynslu, en í fyrri hlutanum er að finna ljóð sem hún orti eftir að hún missti föður sinn fyrir nokkrum árum.


„En þessi persónulega reynsla er svolítið falin. Þegar ég er að tala um það sem maður lendir í eins og kannski það sem við eigum öll

sameiginlegt, t.d. mikinn sársauka, þá set ég það í einhvers konar sammanlegt samhengi. En ég held reyndar að þú getir ekki skrifað neitt án þess að það spretti úr persónulegri reynslu. Ljóðlistin náttúrulega er þannig að við erum meira tengd við ljóðmælanda, þetta getur verið enn meira falið í skáldsögum.“

Tengsl ljóðlistar og fræða

Alda Björk starfar sem dósent í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands og að hennar sögn styður það vel við hvort annað að fjalla um bókmenntir á fræðilegum vettvangi og að skrifa þær.

„Það eina sem er kannski gallinn er að þegar maður er í fullri vinnu þá hefur maður ekki mikinn tíma en þetta er skylt þannig að þetta fer saman. Mér finnst hin fræðilega



hugsun tengjast ljóðlistinni. Mér finnst það að skrifa fræðigreinar vera mjög skapandi iðja en samt er náttúrulega meira frelsi sem þú hefur í skáldskapnum.“

Í bókmenntafræði póstmóðernismans var lögð mikil áhersla á það að aðskilja höfundinn frá höfundarverkinu en nú virðist höfundurinn aftur vera farinn að skipta miklu máli fyrir túlkun verka hans, ertu sammála því?

„Já, líklega er það rétt hjá þér. En þó að listamaðurinn hljóti að vera að fást við sína reynslu og sinn hugmyndaheim þá finnst mér stundum spurning hvort það sé of oft sett samasemmerki á milli verksins og listamannsins þegar kemur að ljóðlistinni. Stundum getur sú lestrarleið líka blindað okkur fyrir víðari skírskotun ljóðlistarinnar.“ ■

Þegar eistun vöfðust fyrir

TÓNLIST

Íslenska óperan

Verk frá barokktímanum

Söngur: Sigríður Ósk

Kjartansdóttir mezzósópran

Semball: Lára Bryndís

Eggertsdóttir

Fiðla: Guðbjörg Hlín

Guðmundsdóttir

Selló: Steinunn A. Stefánsdóttir

Norðurljós í Hörpu

Þriðjudaginn 26. apríl

Jónas Sen

Er kontratenórinn Sverrir Guðjónsson hóf fyrst upp raust sína hér á landi fyrir margt löngu litu menn hver á annan. Kontratenór syngur í falsettu og rödd hans hljómar eins og í konu. Spaugstofan gerði grín að þessum einkennilega söngstil og Örn Arnason lék Sverri. Haft var við hann viðtal og spyrillinn varpaði fram þessari spurningu: „Hver er munurinn á kontratenór og geldingi?“ Örn svaraði: „Ja, geldingur er ekki með ... ekki með ... ekki með sambærilega menntun!“

Mér datt þetta í hug á tónleikum á vegum Íslensku óperunnar sem fóru fram í Norðurljósum í Hörpu í hádeginu á þriðjudaginn. Sigríður

Ósk Kristjánsdóttir mezzósópran söng þar meðal annars Or la nube procellosa eftir Porpora, sem hann samdi fyrir geldinginn Farinelli, einn dádasta söngvara síns tíma. Á þeim tíma, sextándu og sautjándu öld, þótti sjálfsgagt að skera eistun undan efnilegum söngvurum áður en þeir fóru í mútur.

Náttúrulegir geldingar

Til fróðleiks má geta að örlitil prósentu karlmanna verður aldrei kynþroska og eru kallaðir náttúrulegir geldingar. Einn slíkur er söngvarinn Radu Marian. Sýnishorn með söng hans má finna á YouTube undir heitinu „Radu Marian, Handel „Lascia ch'io pianga“. Röddin er furðuleg, hún er sópran, en samt allt öðruvísi en konu- eða barnarödd. Hún gefur manni hugmynd um hvernig geldingar fyrri alda hljómuðu.

Sigríður söng einmitt þessa aríu Handels ákaflega vel. Hún söng líka allt annað þrýðilega. Söngkonan hefur sérhæft sig í tónlist barokktímans og eingöngu slík tónlist var á efnisskránni. Rödd Sigríðar var þétt og einbeitt, dillandi og lífleg; akkúrat eins og hún átti að hljóma.

Þrungin tilfinningu

Fyrirnefnd Lascia ch'io pianga,



Lára Bryndís, Steinunn Arnbjörg, Sigríður Ósk og Guðbjörg Hlín. MYND/ÆSEND


eða Láttu mig gráta, úr óperunni Rinaldo, var þrungin tilfinningu, en samt voru tónarnir tærir og bjartir. Sömu sögu er að segja um Strike the viol, Sound the trumpet and If Music be the food of love eftir Purcell. Söngurinn rann fram áreynslulaust; flæðið í túlkuninni var óheft.

Þrjár hljóðfæraleikarar komu fram með Sigríði. Þetta voru þær Lára Bryndís Eggertsdóttir sem lék á semball, Guðbjörg Hlín Guðmundsdóttir á fiðlu og Steinunn A. Stefánsdóttir á selló. Flottur leikur.

Það gneistaði af La Folia eftir Corelli, einföldu stafi sem varð að flóknum tilbrigðum. Alls konar skrautleg tónahlaup æddu eftir strengjum fiðlunnar og sellósins. Samt var leikurinn ávallt nákvæmur. Hvergi var dauður punktur. Sónata í G-dúr eftir Gabrielli lék líka í höndunum á Steinunni, en þar var sellóð í aðalhlutverki. Þetta var einhvern veginn ekkert mál fyrir hana. Minntist maður þá orða Schumanns, sem sagði að ef ekki er leikið við hljóðfærið, er ekki heldur leikið á það. Þetta var mögnuð stund. ■

NIÐURSTADA: Sérlega vandaðir tónleikar með fallettri tónlist, hástemmdum söng og flottum hljóðfæraleik.

Újje!



**Sumar
afgreiðslutími
í Borgarnesi og
Hveragerði**

10-20

BÓNUS

Með þér í garðinum



998
kr./pk.

40 ltr

Van Egmond gróðurmold

Má bjóða þér moltu?

Bónus býður viðskiptavinum upp á moltu sem kemur frá flokkuðum lífrænum úrgangi verslunarinnar.

Sérstakir moltugámar verða staðsettir fyrir utan Spöngina og Kaupþún Garðabæ um helgina.



ÍPRÓTTAVIKAN MEÐ BENNA BÓ FÖSTUDAGA KL. 19.00

Benedikt Bóas fær til sín góða gesti til að ræða ípróttavikuna sem leið og skoðar það helsta sem gerðist á léttu nótonum.



HRINGBRAUT



Huginn steig strax í fótspor foreldranna í leiklistarheiminum á áttunda mánuði. Geri aðrir betur.

MYND/ÞSEND

Átta mánaða með stáltaugar og Peppu Pig í Northman

Huginn Grímur Ísfeld Maack er nýjasta kvikmyndastjarna Íslands en hann fór með hlutverk í Hollywood-stórmyndinni The Northman. Foreldrnir, þau Ari Freyr Ísfeld Óskarsson og Vigdís Þerla Maack eru yfir sig stolt af sínum manni en hann á ekki langt að sækja hæfileikana.

odduraevar@frettabladid.is

„Hér er kvikmyndastjarna að rétta mér sokka,“ segir Ari sem er sjálfur menntaður leikari. Spurður að því hvernig er að fylgjast með ferli sonarins segir Ari: „Það er frábært! Ég er virkilega stoltur af honum að hafa náð svona langt í einhverju sem ég fór í þriggja ára nám fyrir og hann ekki einu sinni orðinn þriggja ára.“

Huginn Grímur er eins og háls árs en var einungis átta mánaða gamall þegar hann brá sér í hlutverk í Northman. En hvernig fær svona ungur maður slíkt hlutverk?

„Kona sem ég er með á Facebook var að vinna í myndinni og óskaði eftir ljóshærðu barni sem væri yngri en eins árs. Ég ákvað bara að slá til og hugsaði að það væri fint að hann fengi smá pening inn á framtíðarreikninginn,“ segir Vigdís.

Huginn fór þá í prufu fyrir hlutverkið. „Þar var hann látinn í fangið á einhverjum ókunnugum sem var látinn labba í annað rými. Honum var alveg sama,“ útskýrir Vigdís. Þegar komið var á sett kvikmyndarinnar voru sjö önnur börn ásamt Hugin.



Alexander Skaarsgard fer með aðalhlutverk í vikingamyndinni á Íslandi.



Ég er virkilega stoltur af honum að hafa náð svona langt í einhverju sem ég fór í þriggja ára nám fyrir og hann ekki einu sinni orðinn þriggja ára.

„Hann var sá eini sem þraukaði. Hin voru svolítið að gráta og voru hrædd, eðlilega, það var mikið myrkur og þetta var draugalegt sett,“ segir Vigdís. Hverju barni var skipt út um leið og ljóst var að því leið illa.

„Það fór þannig að hann lék tvö

börn í myndinni. Í fyrsta skotinu sat hann á hægri löppinni og svo í hinu á vinstri löppinni og horfði á Peppu Pig í símanum hjá pródúsent á meðan,“ segir Vigdís.

Foreldrnir eru sammála um hvaðan Huginn fær taugarnar. „Hann er fæddur og uppalinn leikhúsmáður, hann á mömmu sem er sýningarstjóri í leikhúsi og pabba sem er leikari,“ segir Vigdís. „Hann er bara fæddur í þetta,“ skýtur Ari inn í. „Þetta er ekkert major league sko, hann er bara born with it.“

EKKI ER MINNST Á HUGINN Á nafnlista að lokinni mynd. „Þannig að við eigum ekki von á fleiri verkefnum, það veit enginn hvaða meistara-barn þetta var,“ segir Vigdís og segjast foreldrnir að lokum alvarlega ihuga að stofna IMDB-síðu fyrir litlu stjörnuna. ■

Kanada í Eurovision á næsta ári

ninarichter@frettabladid.is

Kanada mun ganga til liðs við Eurovision frá og með næsta ári. Þetta staðfesti Martin Österdahl, framkvæmdastjóri keppinnar, við fjölmiðla fyrir í vikunni.

„Einstaka arfleifð Eurovision-keppinnar má rekja 67 ár aftur í tímann og vinsældirnar halda áfram að vaxa á heimsvísu. Nú er komið að því að Kanada taki þátt í veislunni og spili með í þessari mögnuðu heimssýningu.“



Kanadíska söngdívann Celine Dion sigraði fyrir hönd Svisslendinga árið 1988. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hann segir ást á tónlist alþjóðlegt fyrirbæri og tónlist þekki engin landamæri. Hún sameini fólk á hátt sem engin önnur listgrein geti gert. „Við erum spennt yfir að hafa fundið bestu mögulegu samstarfsaðila til að bjóða nýjum aðdáendum til leiks og deila þessari ótrúlegu keppni með kanadíska þjóðinni,“ segir Österdal.

Kanadamaður hefur einu sinni unnið keppnina, en söngkonan Celine Dion landaði sigri þegar hún keppti fyrir Sviss árið 1988 með laginu Ne Partez Pas Sans Moi. ■



ORKAN

10KR.

AESLATTUR

MED ORKULYKLI

SÆKTU UM ORKULYKIL Á **ORKAN.IS**



Meira dejlígt á dönskum dögum

Nyhed
på danske dage



Krembolla

199 kr/stk

Nyhed
på danske dage



Innbökuð pylsa

379 kr/stk

Nyhed
på danske dage



Dönsk
vínabrauðslengja

799 kr/stk



Spunk
Lakrids & vingummi

89 kr/pk



Ok Bacon crisp

349 kr/pk



Skum bananer

279 kr/pk



Smørrebrød með hangikjöti



Smørrebrød með rækjum



Það besta í einum bakka
Smørrebrød með hangikjöti,
rækjum & roastbeef



Smørrebrød með roastbeef



Smørrebrød með lifrakæfu

HAGKAUP



Danish Crown nautasteikur
verð frá **2.499** kr/pk



Tulip álegg í úrvali
verð frá **499** kr/pk



Steff Houlberg Pølser
1.399 kr/pk

Nyhed
på danske dage



Fiskemandens sild
verð frá **329** kr/stk

Nyhed
på danske dage



Lífraenir kartöflubátar og hálfar kartöflur
679 kr/pk



Tulip Spare ribs
Hægelduð rif **1.599** kr/pk



Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar
Guðmundsdóttur



Gúglum bara

Það er kannski ekki augljóst hvað örbylgjuofn, gervisæta, kartöfluflögur, gangráður og frostpinnar eiga sameiginlegt. Enda langsótt. Staðreyndin er þó sú að allt varð þetta til, fundið upp, fyrir slysi. Við, þetta einkennilega mannkyn, höfum náð að skapa ótrúlegt magn þekkingar, hluta og aðferða á þeim tíma sem við höfum ráfað um jörðina. Stundum óvart en oftar með markvissum hætti.

Líklega er tungumálið merkilegasta uppfinning mannkynsins, ásamt getu okkar til að hugsa og tjá það sem flókið. Einar Benediktsson sagði að orð væri á Íslandi til um allt sem er hugsað á jörðu. En þrátt fyrir áratugalanga auglýsingaherferð Mjólkursamsölnunnar um að á íslensku megi alltaf finna svar þá er ekkert víst að Google finni svar við öllum okkar spurningum, á íslensku.

Vegir heila mannsins eru óútreiknanlegir en gervigreindin sem er innblásin af því hvernig heilinn starfar er ekki alveg jafn útreiknanleg. Hún hefur getu til að framkvæma flókna útreikninga, taka ákvarðanir og framkvæma ýmislegt sem áður krafðist greindar mannsins. Þannig hefur gervigreind burði til að hjálpa okkur að finna svör við öllum heimsins spurningum, á íslensku. Hún mun geta þýtt á milli allra tungumála heimsins og fært okkur, þetta gallaða mannkyn, enn nær hvert öðru. Gervigreind mun líka gera okkur kleift að tryggja framtíð tungumála eins og íslensku, sem fáir tala.

Eins hrifin og ég er af örbylgju-popp og frostpinnum þá er ekki hægt að treysta því að tilvera lítilla tungumála í stafrænum heimi verði tryggð með sama hætti, óvart. Það er á okkar valdi að tryggja að auglýsingar Mjólkursamsölnunnar haldi sannleiksgildi sínu. ■

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

BÆJARHRAUN 10 - HAFNARFIRÐI
SÍMI: 520-7500 - FASTEIGNASALA SÍÐAN 1983

**NÝBYGGINGAR
Í HAFNARFIRÐI**

FJÖLDI EIGNA AÐ KOMA Í SÖLU
Í SKARÐSHLÍÐ OG HAMRANESI

ALLT ÞAÐ NÝJASTA FRÁ TEMPUR MEÐ 20% AFSLÆTTI

TEMPUR-DÖGUM

LÝKUR Á LAUGARDAG

20%
AFSLÁTTUR AF
TEMPUR RÚMUM



VEFVERSLUN
www.betrabak.is



VILTU VITA ALLT UM MIKILVÆGI SVEFNS?

MÍÐI Á RÁÐSTEFNUNA SVEFN FYLGIR
KAUPUM Á TEMPUR-RÚMI HJÁ OKKUR
Í DAG OG Á MORGUN



Matthew Walker er prófessor við Harvard háskóla og sérfræðingur í svefni, sálfræði og taugalífðlisfræði. Hann er virtur vísindamaður á þessu sviði og er höfundur bókarinnar Þess vegna sofum við (Why we sleep).

Hann er aðalfrírlesari ráðstefnu sem haldin verður í Eldborgarsal Hörpu 2. maí nk. Þar sem farið verður ítarlega yfir mikilvægi svefns fyrir einstaklinginn, fyrirtæki og samfélagið í heild.

Verðmæti: 29.900 kr.

QUICKREFRESH™ ÁKLÆÐI

Rennilás gerir það afar einfalt að taka QuickRefresh áklæðið af tempur dýninni og þvo.



Nýjar gerðir og fjölbreytt úrval

TEMPUR
heilsukodda

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRÁUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

